

Hinir smurðu á síðustu tímum

**Ræða flutt af
William Marrion Branham**

25. júlí 1965



Birna Einarsdóttir þýddi

Hinir smurðu á síðustu tímum.

1. Góðan daginn áheyrendur góðir. Við skulum tala við Drottin. Mikli Guð, Skapari himins og jarðar, sem hefur í Guðdómleika þínum gefið okkur tíma til að tilbiðja þig þennan morgun... mættum við Drottinn, vera algerlega undirgefin þínum himneska vilja og verki Heilags anda í okkur, til að leiða fram það, sem þú vilt að við fáum að vita. Þrá okkar er að verða betri kristnir einstaklingar og betri fulltrúar fyrir þig. Vilt þú veita okkur þetta í dag, er við vonum á þig. Í nafni Jesú Krists.
(Þið megið fá ykkur sæti.)
2. Já, við erum mjög glöð yfir að vera hér í dag, í þjónustu Konungsins. Og okkur þykir leitt að við höfum ekki pláss fyrir alla, en við höfum bara ekki... við munum reyna að gera okkar besta við þessar aðstæður.
Margir eiga vasaklúta og bænarefni, sem liggja hér frammi til að við biðjum yfir þeim. Ég legg þau til hliðar, ekki af því að ég ætli að láta þau eiga sig, ég mun biðja fyrir þeim, eftir að ég... í kvöld og á morgun og annað kvöld. Þá mun ég biðja og vona á Anda Guðs, varðandi lækningu. Það er þá, sem ég ætla að biðja yfir vasaklútunum og öðru.
3. Og fyrir sérstökum bænarefnum, Billy lét mig fá þau öll. Þau eru um það bil 300 og þá var ég nýfarinn út úr herberginu. Sjáið til, ég fæ þau eins fljótt og mögulegt er og ég mun taka þau fyrir eins fljótt og ég get. Ég hef ekki tíma til að taka þau öll fyrir, en ég mun taka eitt og eitt og biðja: “Drottinn, er það þetta, eða þetta?” Bara þannig, af því að þörfin er mikil, þetta eru alvarleg bænarefni. Alveg örugglega eitthvað, sem þarf að tala um. Og ég — stundum segir Heilagur andi við mig... ákveðið bænarefni, sem ég les, er kannski lagt á hjarta mitt. Þá sný ég mér aftur að því og leita í bunkanum þar til ég finn það. Annars tek ég þau bara tilviljanakennt.
4. Við heilsum öllum, sem eru í öðrum landshlutum. Við heilsum þeim, sem eru tengdir í gegnum símann, í New Yorkborg, Beaumont í Texas, Prescott í Arizona, Tucson í Arizona, San Jose í Kaliforníu, Conneticut, Gainesville í Georgíu, og New Albany í Indíana, út um allt land. Við heilsum ykkur í Jesú nafni.
5. Þetta er fallegur morgun hér í Indíana. Það ringdi í gærkvöldi og þá kólnaði svolítið. Og við erum... tjaldbúðin (kirkjan) er yfirfull af fólki og allir bíða spenntir eftir að heyra sunnudagsfræðsluna. Og ég treysti því að ríkidæmi blessana Guðs megi vera með ykkur öllum. Við vonumst til að finna leið, þannig að við getum öll komið saman, kannski í stóru tjaldi, þar sem mér finnst ég leiddur til að prédika um síðustu skálarnar sjö í Biblíunni.
6. Nú, til að við þurfum ekki að vera hér allt of lengi þennan morgun... ég hef leitað Drottins og hugsaði með mér: “Hvað á ég að tala um?” Vitandi það, að ef til vill er þetta síðasta samkoman sem ég mun halda. Koma Drottins er svo nærri.
Ég sé, eftir að spáin kom um Kaliforníu — þar eru hús sem eru að sökkva um 70 cm á klukkutíma, timbrið er að brotna og byggingar falla saman. Þeir vita ekki hvað veldur þessu. Við erum komin að leiðarlokum. Heimili, sem kosta hundrað þúsund dollara eru að sökkva. Það eru feitletraðar fyrirsagnir í blöðunum mínum, myndir sem ég vonast til að draga upp í kvöld — því ég vil ræða um þetta í kvöld.

7. Og í kvöld höfum við fyrirbæn fyrir sjúkum. Komið síðdegis í dag, klukkan fimm eða sex, eða hvenær sem það nú er. Ég býst við að við byrjum snemma, til að fólkið geti komist snemma heim. Við munum taka við fyrirbænaþjöldunum ykkar og við munum biðja fyrir sjúkum í kvöld, ef Guð lofar.

8. Nú, eftir að hafa hugsað í bæninni, “hvað á ég að gera?”, vitandi að einn daginn verð ég að svara fyrir það sem ég segi hér. Ég hef ákveðið, eða frekar fundið Heilagan Anda leiða mig til að tala um spádóm, svona til að upplýsa okkur. Skiljið þið? Það er eitthvað sem við sjáum að... ef við erum ekki upplýst og eitthvað gerist líkt og fyrir tilviljun, þá ættum við að vita um þetta. Heilagur Andi hefur gefið okkur þetta til að vara okkur við atburðunum. Þið vitið að Biblían segir að Guð geri ekkert, án þess að sýna það fyrst þjónum sínum, spámönnunum og hvernig Jesús varaði fólkið við því sem myndi gerast — hvernig spámennirnir vöruðu fólkið við því, sem myndi gerast. Og það er rétt af okkur, nú á þessu mikilvæga tímasteiði sem við lifum á, að athuga hvaða tíma við erum að upplifa, hvað á sér stað og hvað á eftir að eiga sér stað á þessum dögum. Þannig að það var lagt á hjarta mitt að tala við fólkið um eitt af þeim undarlegu atriðum sem við höfum oft lesið um.

9. Flettum nú upp á 24. kaflanum í Matteusi í Biblíum okkar og lesum í Orðinu (afsakið mig), [Bróðir Branham ræskir sig.] SVO við fáum samhengi í textann okkar og umræðuefnið.

10. Munið að við ætlum að kenna þetta hægt og rólega eins og í kennslustund. Náið í blýanta og blöð. Ég hef skrifað marga ritningastaði niður, til að þið getið skrifað þá niður og farið með heim og lært, því að þetta er bara eins og sunnudagaskóli, til að við mættum vita og vera aðvöruð og reidubúin fyrir þá tíma, sem við lifum á.

11. Í Matteusi [Bróðir Branham ræskir sig.] 24. versí, nei 24. kafla, og við byrjum á versí 15. Þar mun ég lesa í Orðinu:

“Þegar þér sjáið viðurstyggð eyðileggingarinnar, sem Daníel spámaður talar um, standa á helgum stað, lesandinn athugi það. Þá flýi þeir, sem í Júdeu eru, til fjalla. Sá sem er uppi á þaki, fari ekki ofan að sækja neitt í hús sitt. Og sá sem er á akri, skal ekki hverfa aftur að taka yfirhöfn sína. Vei þeim sem þungaðar eru eða börn hafa á brjósti á þeim dögum. Biðjið, að flótti yðar verði ekki um vetur eða á hvíldardegi. Þá verður sú mikla þrenging, sem enginn hefur því lík verið frá upphafi heims allt til þessa og mun aldrei verða. Ef dagar þessir hefðu ekki verið styttir, kæmist enginn maður af. En vegna hinna útvöldu munu þeir dagar styttir verða. Ef einhver segir þá við yður: “Hér er Kristur” eða “þar”, þá trúið þeim ekki. Því að fram munu koma falskristar og falsspámenn, og þeir munu gjöra stór tákn og undur til að leiða afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Sjá, ég hef sagt yður það fyrir. Ef þeir segja við yður: “Sjá, hann er í óbyggðum,” þá farið ekki þangað. Ef þeir segja: “Sjá, hann er í leynum,” þá trúið því ekki. Eins og elding, sem leiftrar frá austri til vesturs, svo mun verða koma mannsönarins. Þar munu ernirnir safnast, sem hræið er.”

12. Ég ætla að nota 24. versíð sem umræðuefni í dag og hlustið vel, meðan ég les þetta aftur.

“Því að fram munu koma falskristar og falsspámenn, og þeir munu gjöra stór tákn og undur til að leiða afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.”

Ég ætla að nota: *Hinir smurðu á síðustu tímum*, sem umræðuefni. Það er efnið sem ég ætla að ræða um: *Hinir smurðu á síðustu tímum*.

13. Ég trúi því að við lifum á síðustu tímum. Ég held að allir sem lesa Biblíuna, eða eru trúaðir, viti að við erum stödd við enda heimssögunnar. Það verður tilgangslaust að skrifa hana, vegna þess að það verða engir til að lesa hana. Þetta er endir alls. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær — hve langan tíma við höfum. Ekki einu sinni englarnir á himni vita daginn né stundina. En Drottinn Jesús hefur sagt okkur að lyfta upp höfðum okkar, þegar við sjáum þessa hluti, því þá sé lausn okkar í nánd.

14. Nú, hvað það þýðir að tíminn nálgist, veit ég ekki. Má vera að þýðingin sé það sem vísindamaðurinn sagði í sjónvarpinu um daginn, þegar hann talaði um mörg þúsund mílna misgengið í jörðinni sem kemur til með að sökkva... Hann var spurður: „Gæti hún sokkið þarna – (sem sagt Los Angeles, vesturströndin)?“ Og mörg ykkar sáu hvernig misgenginu var fylgt með radar og fór upp í gegnum – gekk inn fyrir neðan San Jose og fór beint áfram til Alaska, út í gegnum Aleútaeyjarnar og um 320 kílómetra á haf út og kom svo aftur niður til San Diego. Svo beygði það og lokaði hringnum bak við Los Angeles? geysistór pyttur. Og allir þessi jarðskjálftar sem hafa verið þarna, eru vegna eldvirkni undir þessum pytti. Ég get ekki sagt nafnið á þessum pytti. Samt sem áður, þegar hann hristist, þá koma jarðskjálftarnir sem hafa verið árum saman á vesturströndinni. Nú eru komnar sprungur þarna allan hringinn.

15. Og vísindamaðurinn sagði... spyrillinn sagði við hann: “Gæti þetta allt hrunið?” Hann svaraði: “Ekki gæti, það mun...”
Spyrillinn: “En ekki á okkar tímum?”
Hann svaraði: “Á næstu fimm mínútum eða næstu fimm árum. Við vitum ekki nákvæmlega hvenær.”

16. Í þessari viku var mér send fyrirsögn úr blaði, um að stór hundrað þúsund dollara hús séu að því komin að hrynja og breyta og fólkið að flytja burt. Og þeir vita ekki hvernig þeir eiga að stöðva þetta. Sjáið þið til, Guð getur gert það sem Honum þóknast og enginn getur sagt Honum hvernig Hann á að fara að. Þið byggðið heimili, þið getið búið til vísindateki, en Guð er skapari tækninnar. Hvernig ætlar þú að stöðva Hann? Hann gæti eytt jörðinni með flugum á morgun, ef Honum sýndist svo. Gerir þú þér grein fyrir því að Hann gæti talað út flugur og flugnagerið yrði margra kílómetra þykkt eftir hálf tíma? Skiljið þið? Það er enginn... þær myndu éta allt fólkið á jörðinni. Hann er Guð. Hann gerir það sem Honum þóknast. Hann er Alvaldur í sjálfum sér.

17. Þegar við nú sjáum allt þetta safn af sönnunargögnum um það á hvað tíma við lifum, þá held ég að það sé gott að rifja upp þessa hluti og draga þá fram í dagsljósið, þar sem búið er að opna innsiglin sjö og komast að sannleikanum um þessa hluti. Guð hefur verið trúfastur og veitt okkur náð og sýnt okkur þessa hluti. Ég vil að þú takir eftir því, í Matteusi 24. kafla, að Jesús notar hugtakið *kristar*. Ekki Kristur, en kristar í fleirtölu, ekki eintalan, Kristur. Því orðið “Kristur” þýðir “hinn smurði” og ef þetta snýst um smurningu, þá verður það ekki bara einn, heldur margir smurðir. Hinir smurðu, skiljið þið?

18. Á hinn bóginn, ef Hann vildi að við skildum þetta betur, þá myndi Hann segja: “Á síðustu tímum munu upp rísa margir falssmurðir.” Þetta hljómar næstum því ótrúlega, skiljið þið, þetta hugtak um hina smurðu, en takið eftir næstu orðum, “*og falsspámenn.*” Spámenn, fleirtala. Smurður maður er “einhver með boðskap.” Það er

aðeins smurður maður, sem getur komið með boðskap og það sem spámaður hefur, er að hann er smurður. “Fram munu koma falskir smurðir kennarar.” Spámaður kennir boðskap sinn, smurðir kennarar, smurt fólk með falskan boðskap? smurðir menn, kristar, fleirtala, spámenn, fleirtala. Og ef það er eitthvað sem heitir Kristur, eintala, þá hljóta þessir að vera smurðir þannig, að spádómur sá, sem þeir kenna væri öðruvísi, af því að þeir eru smurðir menn? hafa smurningu.

19. Þetta er sunnudagaskóli og við viljum sýna fram á þetta gegnum ritningarnar, ekki með því hvað einhver annar hefur sagt um þetta, heldur með því að lesa Ritninguna. Þú segir kannski: Hvernig má þetta vera. Myndu hinir smurðu... hvað voru þeir? Kristar, smurðir kristar og falsspámenn, smurðir menn, en falsspámenn. Jesús sagði að það ringdi yfir réttláta sem rangláta. Einhver mun kannski segja við mig: “Trúir þú að smurningin, sem er yfir þeim sé af Heilögum anda?” Jú, svo sannarlega, hinn ekta Heilagi Andi yfir einstaklingum og samt eru þeir falskir. Hlustið nú vel og við skulum sjá hvað Hann sagði: “Og þeir munu gjöra stór tákni og undur, til að leiða afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.” Og þeir eru smurðir af hinum ekta Heilaga Anda. Ég veit að þetta hljómar kannski kjánalega, en við munum taka okkur tíma og útskýra með Orðinu, að þetta er algjör sannleikur: “Svo segir Drottinn.”

20. Nú skulum við fletta upp á Matteusi 5. kafla í Biblíunum okkar og byrja á vers 45 og fylgjast með, þegar við lesum í Ritningunni um stund. Og síðan, eftir að við erum komin þangað, munum við gefa þér... svo ef við lesum þetta ekki allt, þá skaltu ná í Biblíuna þína og þú getur líka lesið þetta eftir að við erum farin héðan og þú ferð heim og... lestu þá hvað Biblían segir um þetta.

21. Nú skulum við taka okkur tíma til að átta okkur á grundavallarsannindum, af því að ég er að gefa yfirlýsingu hér, sem er alveg yfirþyrmandi... hvernig getur Heilagur andi smurt falskennara? En það er það, sem Jesús sagði að myndi gerast. Nú, lesum í Matteusi 5. kafla og frá vers 45. Byrjum svolítið frammar, á vers 44.

“En ég segi yður: Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður, svo að þér reynist börn föður yðar á himnum, sem lætur rigna yfir réttláta sem rangláta.” Það rignir bæði á vonda sem góða.

22. Nú skulum við fylgja þessu eftir með öðrum spádómi, sem tengist þessu. Við skulum fletta upp á Hebreabréfinu 6. kafla, til að fá vers sem fylgir þessu eftir, þar sem Páll er að vekja athygli á því sama og Jesús sagði... nú er Páll að tala... meðan þið leitið að þessu... og þið sem hlustið á útsendinguna, náði í Biblíurmar ykkar og blað og finnið þetta. Hebreabréfið 6. kafli. Páll skrifar Hebreum og bendir þeim á skuggamyndir og tákni, flytur þá frá gyðingatrú til kristindóms og sýnir þeim, að allt gamalt var aðeins skuggamynd af því sem átti að koma. Nú er Páll að tala, Hebreabréfið 6. kafli.

23. *“Þess vegna skulum við sleppa byrjunarkenningunum um Krist (Krist, eintala) og sækja fram til fullkomleikans. Vér förum ekki að byrja aftur á undirstöðuatriðum eins og afturhvarfi frá dauðum verkum og trú á Guð, kenningunni um skírnir og handayfirlagningar, upprisu dauðra og eilífan dóm. Og þetta munum vér gjöra, ef Guð lofar. Ef menn eru eitt sinn orðnir upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í Heilögum anda, (Ég vil vekja athygli ykkar eitt augnablik. Tókuð þið eftir að það er talað um gjöf og ekki gjafir, smakkað hina himnesku gjöf, himnesk gjöf, eintala, Kristur, eintala, gjöf, eintala,) “Hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í*

Heilögum anda, og reynt Guðs góða orð (Reynt hvað?, Guðs góða orð.) og krafta komandi aldar, en hafa síðan fallið frá, þá er ógerlegt að endunýja þá til afturhvarfs. Þeir eru að krossfesta Guðs son að nýju og smána hann. (Hlustið nú á.) Jörð sú, er drukkið hefur í sig regnið, sem á hana fellur og ber gróður til gagns fyrir þá, sem yrkja hana, fær blessun frá Guði. En beri hún þyrna og þistla, er hún ónýt. Yfir henni vofir bölvun og hennar býður að lokum að verða brennd.”

24. Berum þetta nú saman við Matteus 24:24. Takið eftir að Jesús sagði að regnið og sólin komi til jarðarinnar. Að Guð sendi það, til að búa til fæðu fyrir fólkið á jörðinni. Og regnið er sent fyrir matinn, kornið. En illgresið og njólinn, sem eru á akrinum, taka við því sama. Regnið sem fær hveitið til að vaxa, er sama regn og fær illgresið til að vaxa.

25. Ég lærði góða lexíu um þetta þegar ég hitti hvítasunnufólkið í fyrsta skipti. Ég sá tvo menn... annar þeirra... ég hafði aldrei áður heyrt tungutal. Annar talaði í tungum og hinn útlagði og svo gagnkvæmt. Og þeir töluðu sannleika. Þeir sögðu: “Það eru margir hérna inni, sem þurfa að iðrast í kvöld. Bæði karlmenn og konur.” Og fólk stóð upp og fór fram til altaris.

26. Ég hugsaði: “Þetta er dýrlegt.” Og síðan talaði ég við þessa menn með lítilli gjöf Heilags anda, þið vitið, með svona greiningu, bara lítil leið til að komast að hlutum. Og annar var sannkristinn maður. Hann var raunverulegur þjónn Krists og hinn var hræsnari. Og annar þeirra, sá sem var hræsnari, bjó með svarthærðri konu, en var einnig í tygjum við ljóshærða konu og átti börn með henni. Nú, hér var þetta komið í sýn, það var ekki hægt að neita því og ég talaði við hann um þetta. Hann horfði á mig og gekk á brott frá húsinu.

27. Nú var ég sannarlega ringlaður. Ég hélt að ég væri á meðal engla, en nú velti ég því fyrir mér hvort ég væri ekki á meðal djöfla. Hvernig gat þetta átt sér stað? Og í mörg ár var ég fráhverfur þessu, þar til dag einn... (George Smith, pilturinn sem er trúlofaður dóttur minni... við fórum í fyrradag, til gamla Myllustaðarins, þangað sem ég fer til að biðja.) Og eftir að ég hafði verið þar í tvo daga, minnti Heilagur andi mig á þennan ritningastað: “Jörð sú, er drukkið hefur í sig regnið, sem á hana fellur hvað eftir annað og ber gróður til gagns fyrir þá, sem yrkja hana... en beri hún þistla og þyrna, er hún ónýt. Fyrir henni liggur þá að verða brennd.” Hún lifir af sömu uppsprettu Guðs. Þá skildi ég það sem Jesús segir: “Af ávöxtum þeirra skulið þér því þekkja þá.”

28. Nú, þannig er því regnið, sem fellur á hinn náttúrulega gróður jarðarinnar, táknmynd upp á hið andlega regn, sem fellur á kirkjuna, af því að við köllum það haustregn og vorregn. Og það er regn, úthelling Anda Guðs yfir kirkjuna.

29. Takið nú eftir, þetta er mjög furðulegur hlutur hér. Sjáið til. Þegar sæðið fór í jörðina, hvernig sem það komst þangað, þá var það þyrnar frá upphafi. En svo fór hveitið í jörðina... og hveitið var hveiti alveg frá upphafi. Og sérhver jurtt sem fjölgar sér aftur og aftur, opinberar af hvaða sæði hún er frá upphafi.

30. “Til að leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.” Af því að þeir fá sama regn, sömu blessun, sýna þeir sömu tákn og undur. Skiljið þið? “Þeir munu... leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.” Nú, þyrnir getur ekki

gert að því að hann er þyrnir, né getur hveitið gert að því að það er hveiti. Það er Skaparinn, sem hefur ákvarðað það frá upphafi. Það eru hinir útvöldu.

31. Sama regn... sólin rís að morgni og breiðir geisla sína yfir jörðina og sama sól sem rís í austri, sest í vestri. Og sólin er send til að þroska hveitið á jörðinni, sem líkamar okkar eru gerðir úr.

32. Við lifum af dauðu efni, það er eina leiðin til að þú getir lifað. Og ef eitthvað verður að deyja á hverjum degi, til að þú getir lifað í hinu náttúrulega, þá verður sömuleiðis eitthvað að deyja andlega til að bjarga þínu andlega lífi. Og Guð kom inn í hið efnislega — varð hold og dó til að við mættum lifa. Það er engin kirkja, eða nokkuð annað í öllum heiminum sem getur frelsað þig, nema Guð. Það er eina leiðin til að menn geti lifað.

Skoðum nú Ritninguna. Jesús er orðið. “Í upphafi var orðið... og orðið varð hold og bjó með oss. Í upphafi var orðið og orðið var hjá Guði. Og orðið varð hold og bjó með oss.” “Eigi lifir maðurinn af brauði einu saman (fyrir líkamann) heldur af sérhverju orði, er út gengur af Guðs munnni.” Þá sjáið þið að við lifum af Orðinu og það er Guð.

33. Nú, sólin kemur upp og þroskar hveitið. Það getur ekki þroskast á svipstundu. Það þroskast smátt og smátt, þar til það er orðið fullþroskað. Eins er það með kirkjuna í dag. Barnæska hennar hófst á hinum myrku miðöldum, þegar hún var neðanjarðar. Nú hefur hún komist til þroska. Og við sjáum þetta svo fullkomlega... hvernig Guð starfar alltaf gegnum hið náttúrulega.

34. Það má ekki trufla náttúruna. Það er það, sem er að í dag. Við fljúgum með sprengjur og vörpum þeim í hafið? við sprengjum og tætum hafið með atómsprengjum. Þið framleiðið bara meira og meira af skítum og varpið honum svo í sjóinn. Ef þið höggvið niður trén, þá hrifur vindurinn ykkur. Ef þið stíflað ána, flæðir hún yfir bakka sína. Þið verðið að finna hver leið Guðs er við að gera hlutina og halda ykkur svo við það. Við höfum fest fólk í kirkjudeildum og hreyfingum. Sjáið bara hvað hefur komið út úr því. Haldið ykkur við þá leið sem Guð hefur gefið.

35. En sjáið nú til. (Snúum okkur aftur að umræðuefni okkar.) Hann lætur rigna á réttáta sem rangláta. Jesús segir okkur í Matteusi 24. kafla að þetta myndi verða tákn endatímanna. Ef þetta tákn verður aðeins séð á endatímunum, þá verður það að vera eftir að búið er að opna innsiglin sjö. Skiljið þið? Það er tákn endalokanna. Það mun verða, að þegar þessir hlutir gerast, þá eru endalok tímanna komin. Það verður tákn, til að hinir útvöldu verði ekki ruglaðir í þessum hlutum. Sérðu þetta? Þá hlýtur það að vera opinberað, afhjúpað.

36. Takið eftir. Bæði hveitið og illgresið lifa á sömu smurningu frá himni. Bæði fagna yfir henni. Ég minnst þess? og vísa nú aftur til þess sem gerðist þennan dag, þarna á Myllusvæðinu hans Green. Ég sá sýn birtast? það var stór akur og það var búið að plægja hann allan upp. Og fyrst kom fram sáðmaður. Ég vil að þið sjáið þetta. Takið eftir því hvað kemur fram í upphafi og hvað fylgir í kjölfarið. Þessi hvítklæddi maður fór um og sáði sæði. Síðan kom svartklæddur maður á eftir honum og hann var laumulegur. Hann læddist á eftir honum og sáði illgresi. Og þegar þetta var búið... þá sá ég fræin koma upp. Og þegar þau komu upp, voru sum hveiti og önnur illgresi. Síðan kom þurrkur. Þá var tilsýndar eins og báðar tegundirnar hneigðu höfuð sín og hrópuðu á regn. Síðan birtist stórt ský yfir jörðinni og það fór að rigna. Og hveitið

réttri úr sér og hrópaði: “Lof sé Guði, lof sé Guði.” Og illgresið rétti úr sér og hrópaði: “Lof sé Guði, lof sé Guði.” Sama niðurstaða, hvort tveggja var að farast, báðir hópar voru að deyja. Hveitið kemur upp og verður þyrst. Og af því það var á sama akri, í sama garði, á sama stað, undir sömu vökvun, þá kom upp hveiti og það kom upp illgresi, sem óx með sama hætti.

37. Takið eftir. Sama smurning vatnsins og leiðir fram hveitið, leiðir fram illgresið. Sami Heilagi andi og smyr kirkjuna og gefur henni löngun til að frelsa sálir, gefur henni kraft til að gera kraftaverk. Það fellur á rangláta sem réttláta, sami Andi. Það er engin leið að þetta sé öðruvísi og við getum samt skilið Matteus 24:24. Hann sagði: “Því að fram munu koma falskristar.” Falssmurðir, smurðir af hinu sanna, en falskir kennarar og falsspámenn. Hvað gæti fengið einhvern til að vera falskur kennari þess, sem er sannleikur? Nú, við munum fara í merki dýrsins eftir augnablik. Þú munt sjá að það eru kirkjudeildirnar. Skilurðu? Falskir kennarar, falskir smurðir, falskristar, en falskennarar. Það er eina leiðin til að skilja þetta.

38. Fyrir nokkru vitnaði ég í þetta. Ég ætla að vitna í það hér, af því að við erum tengd út um allt land:

Dag nokkurn var ég að tala við vin minn. (Þar sem þetta heyrir í dag í Arizona.) Og hann á sítrusávaxtabúgarð. Hann átti tré, tré sem var appelsínutré, en bar greipaldin og sítrónur, tangerínur, tangelóaldin og ég er búinn að gleyma hve margir mismunandi ávextir uxu á því. Og ég sagði við manninn: “Hvernig er þetta? Hvers konar tré er þetta?”

Hann sagði: “Sjálft tréð er appelsínutré.”

Ég sagði: “Af hverju eru greipávextir á því? Af hverju eru sítrónur á því?”

“Þær eru græddar á það.”

Ég sagði: “Ég skil. Nú, þegar ný uppskera kemur næsta ár og þroskast öll á sama tíma,” sagði ég, “mun það þá ekki eingöngu bera appelsínur? Ef þetta er appelsínutré í eðli sínu, þá hlýtur það að bera appelsínur, er það ekki herra?”

Hann sagði: “Nei, alls ekki. Hver grein mun bera ávöxt eftir sínu eðli.”

“Meinarðu að sítrónugreinin muni bera sítrónur og það á þessu appelsínutré?”

Hann sagði: “Já, sannarlega.”

“Mun greipgreinin bera greipávöxt á þessu appelsínutré?”

“Jú, það er eðli greinarinnar, sem hefur verið grædd á það.”

Ég sagði: “Lof sé Guði.”

Hann sagði: “Hvað áttu við?”

Ég sagði: “Ein spurning í viðbót. Mun þetta appelsínutré nokkurn tíma aftur bera appelsínur?”

Hann sagði: “Þegar ný grein kemur fram. Þegar ný grein kemur í ljós, ekki þegar önnur hefur verið grædd á það. En þær eru allar sítrusávextir og lifa á sítruslífinu, sem er í þessu tré.”

39. Ég sagði: “Þetta er málið. Meþódistar munu alltaf ala af sér Meþódista. Baptistar munu alltaf ala af sér Baptista. Kapólskir munu alltaf ala af sér kapólska. En kirkja hins lifandi Guðs mun ala af sér Krist frá rótum, Orðið, allan tíman, ef hún elur af sér nýja grein.”

40. Það er hægt að græða við hana. Skilurðu? Greipaldin, sítrónu, tangerínur, hvaða sítrusávöxt, sem er. Þær geta allar lifað á þessu tré, en bera trénu falskt vitni, en lifa á trénu. Skilurðu? Þær lifa og þrífast á sama tré. Hér er Matteus 24:24. Lifa á sama tré,

en voru rangar frá upphafi.

Þær bera trénu falskt vitni. Það er appelsínutré, en samt ber það sítrónur.

41. Og þeir segja: “Þessi Kirkja, þessi kirkjudeild, ber Kristi vitni.” Og þær hafa ranga skírn, eru falskur vitnisburður um Orðið og reyna að halda því fram að kraftur Guðs hafi aðeins verið fyrir lærisveinana. Jesús sagði sjálfur: “Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið hverri grein og hverju tré ? hverri grein sem á trénu er. En þessi tákn munu fylgja hinum sönnu greinum.” Hvar? Svo lengi sem það er tré, sem myndar nýjar greinar, allt til enda veraldarinnar. “Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum, taka upp höggorma og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, mun þeim ekki verða meint af. Yfir sjúka munu þeir leggja hendur og þeir verða heilir.” Sérðu tímana, sem við lifum á? Sérðu hvað Jesús var að segja?

42. Mundu að þetta átti sér stað á endatímunum, ekki undir Wesley eða í fortíðinni. Þetta átti að eiga sér stað á síðustu tímum. Fylgist nú með Ritningunni. Látum hana bera vitni. Jesús sagði: “Þér rannsakið ritningarnar, því í þeim hyggist þér eiga (eða trúið að þér eigið) eilíft líf. Og það eru þær sem vitna um mig.” Með öðrum orðum: Ef þetta tré ber nokkurn tíman ávöxt...” “Ég er vínvíðurinn, þér eruð greinarnar.” “Sá, sem trúir á mig, mun gera sömu verk og ég.” Jóhannes 14:12.

43. Nú, “sá sem er í mér, er sá sem var í rótinni frá upphafi.” Það er ástæðan. Jesús var bæði rótarkvistur og afkomandi Davíðs. Hann var fyrir Davíð, í Davíð og eftir Davíð. Bæði rótarkvistur Davíðs og afkomandi Davíðs, Morgunstjarnan, Narsissan á Saronvöllum, Liljan í dalnum, Alfa og Ómega, faðirinn, sonurinn og heilagur andi. Í honum býr öll fylling Guðdómsins líkamlega, bæði rótarkvistur og afkomandi Davíðs. “Sá, sem er útvalið líf, hið fyrirhugaða líf, sem er í mér. Þegar hann fæðist, mun hann bera minn ávöxt.” Jóhannes 14:12. En aðrir munu lifa á sama hlut og kalla sig kristna og trúaða. “Ekki munu allir sem við mig segja: Herra, herra ganga inn.” Þetta á að eiga sér stað og opinberast á síðustu tímum, þegar allir leyndardómar Guðs verða komnir fram. (Við munum víkja að því aðeins síðar.)

44. Þessi tré, sem á eru hinar sönnu og fölsku greinar. Þið hafið heyrt mig prédika um þetta í mörg ár. Hvernig þeir ólust upp saman. Ég benti á einstaklinga, Kain og Abel og hvernig greinarnar tvær hittust við altarið, báðir trúræknir, báðir smurðir, báðir þráðu líf og tilbáðu hinn sama Guð og öðrum var hafnað en velþóknun var yfir hinum. Og eina ástæðan fyrir því, að sá sem velþóknun var yfir gat gert eitthvað annað en bróðir hans, var sú að honum var opinberað það. Því að Biblían segir: “Fyrir trú (Hebreabréfið 11. kafli) bar Abel fram fyrir Guð betri fórn en Kain og fyrir trú fékk hann þann vitnisburð að hann væri réttlátur.” Jesús sagði: (Hin andlega opinberun um hver Jesús er.) “Hvern segja menn mannssoninn vera?” Pétur svaraði: “Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs.” “Sæll ert þú Símon Jónasson! Hold og blóð hefur ekki opinberað þér þetta, heldur Faðir minn, sem er á himnum. Á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína.” Á hverju? Hinni sönnu opinberun Orðsins. Hér er aftur hin sanna grein. “Fyrir trú bar Abel...”

45. Þú segir: “Þetta var ekki opinberun.” Hvað er trú? Trú er eitthvað, sem er opinberað þér. Sem er ekki enn, en þú trúir að muni verða. Trú er opinberun um vilja Guðs. Þannig að fyrir opinberun... og kirkjurnar í dag trúá ekki einu sinni á andlega opinberun. Þær trúá á kredubundnar setningar einhvers kerfis. “Fyrir trú (Hebreabréfið 11. kafli) bar Abel fram fyrir Guð betri fórn en Kain, og fyrir trú fékk

hann þann vitnisburð að hann væri réttlátur.” Amen. Ég vona að þið hafið skilið þetta. Sjáið þið á hvaða tímum við lifum, þekkið þið stundina?

46. Ég var að tala við mann fyrir nokkru síðan, guðfræðilega menntaðan herra. Hann sagði: “Bróðir Branham, við afneitum öllum opinberunum.”

Ég sagði: “Þá verður þú að afneita Jesú Kristi, því að hann er opinberun Guðs. Guð, sem birtist í holdi. Ef þú sérð það ekki, ert þú glataður.”

47. Jesús sagði: “Ef þið trúid ekki, að ég sé sá sem ég er, munið þið deyja í syndum ykkar.” Hann er birting Guðs, Andi Guðs, sem opinberaðist í holdi. Ef þú getur ekki trúað því, ertu glataður. Ef þú gerir Hann að annarri persónu eða þriðju persónu, eða einhverju öðru en Guði, þá ertu glataður. “Ef þið trúid ekki, að ég sé sá, sem ég er, munið þið deyja í syndum ykkar.” Opinberun.

48. Engin furða að þeir gátu ekki skilið Hann. “Enginn kemur til mín, nema Faðirinn dragi Hann. Og allt sem Faðirinn gefur mér (í rótinni), mun koma til mín.” Skilurðu? Hefurðu náð þessu? Ó, hve við ættum að elska Hann, dást að Honum. Að sjá ávöxt Andans á síðustu tímum verða fullþroskaðan á Brúðartrénu. Að verða fullþroska, nú við endi alls.

49. Hinn sanni vínviður og falski vínviður, hafa báðir sömu smurningu. Vatninu ringdi yfir þá báða. Engin furða að Hann varaði okkur við, að það myndi blekkja hina útvöldu, ef orðið gæti. Takið eftir, að þeir líta eins út. Hafa sömu smurningu. En takið eftir: “Af ávöxtum þeirra...” Hvernig veist þú þetta? Hvernig veistu að það er ekki appelsínutré? Af því að það ber greipaldin. Rótarsafinn er í lagi, hann býr í trénu, en það ber greipaldin. Það er ekki eins og frumburðurinn. Og ef kirkja segist trúa því að Jesús sé hinn sami í gær og í dag og um aldir, en afneitar krafti hans, afneitar verki Hans, afneitar orði Hans. Kirkja, sem trúir á Jesú Krist, mun vinna verk Hans, hún mun hafa líf Jesú Krists. Og ef hún hefur það ekki... það er sama þótt lífið flæði inn í hana. Ef hún er ekki fyrirhuguð frá rótum, þá mun hún bera greipaldin eða eitthvað annað. En ef hið fyrirhugaða líf er í rótum hennar, þá mun hún ala af sér, Jesú Krist, hinn sama í gær og í dag og um aldir. Ef það er Orðið, sem kemur upp í gegnum ræturnar. Og Hann er rót þess, upphaf tímanna.

50. Takið eftir. En það er það, sem þeir ala af sér, sem skiptir máli. “Af ávöxtum þeirra,” sagði Jesús, “skuluð þér þekkja þá.” Maður tíni ekki greipaldin af pistlum, þrátt fyrir það að pistillinn standi í safu greipávaxtarins. Það gæti verið mögulegt (í hinu náttúrulega), en ávextirnir munu bera vitni. Hver er ávöxturinn? Orðið fyrir uppskerutímabilið. Þetta snýst um kenningar þeirra. Hvaða kenning? Kennsla tímaskeiðanna, kennisetningar manna, kenningar kirkjudeildanna, eða þá Orð Guðs til þess tíma.

51. Nú, tíminn líður svo hratt að... við gætum haldið lengi áfram. En ég er viss um að þið, sem eruð hér viðstödd, þið sem eruð að hlusta út um allt land, getið skilið það, sem ég er að reyna að segja ykkur, af því að við höfum ekki mikið meiri tíma, til að fara í þetta.

52. Þú ættir að sjá, að smurningin er yfir hinum ranglátu, fölsku kennurunum og fær þá til að gera nákvæmlega það, sem Guð sagði þeim að gera ekki, en þeir gera það samt. Af hverju? Þeir geta ekki að því gert. Hvernig getur pistill verið eitthvað annað

en þistill? Það er sama hve miklu regni er úthellt yfir hann, hann hlýtur alltaf að vera þistill. Það er ástæða þess að Jesús sagði að þeir yrðu svo líkir að þeir myndu leiða hina útvöldu afvega (sem er rótin), ef það væri mögulegt. En það er ekki mögulegt. Hveiti getur ekki gert annað en ala af sér hveiti, það getur ekki alið af sér neitt annað.

53. Takið nú eftir. Mundu að Guð er ekki höfundur að hreyfingum. Djöfullinn er höfundur að hreyfingum. Ég hef sannað það með Orðinu, aftur og aftur. Við þurfum ekki að fara í það í dag. Við vitum að Guð batt aldrei fólk í hreyfingar eða bjó til samtök. Það gerðist hundruðum ára eftir að síðasti lærisveinninn dó, þá varð til hreyfing. Það hefur alltaf mistekist. Ef það gerði það ekki, hvers vegna erum við þá ekki í kærleika í dag, Meþódistar, Baptistar, Öldungakirkjan, Kaþólskir og bara allir? Af hverju fylgja ekki okkur öllum og hverri einustu kirkju, sömu hlutir, Orð Guðs? Þeir hlutir sem valda aðskilnaði milli manna, milli bræðra... Við erum fjarlægari Guði en við höfum nokkru sinni áður verið... ég er að tala um kirkjurnar.

54. Nú, okkur er sagt að allt gerist til að verða okkur fyrirmynd, til að við lærum af því, til að áminna okkur. Það er, að allir hlutir í Gamla testamentinu, eru skuggamyndir þess sem verða átti í Nýja Testamentinu, á okkar dögum. Það er eins og ef þú hefðir aldrei séð hönd þína og sæir skugga á veggnum, (eins og af hönd minni, ef ég held henni upp að ljósinu). Ef það eru fimm fingur hérna í skugganum, þegar það er neikvætt og þú færir höndina yfir til hins jákvæða frá hinu neikvæða, þá hljóta það að verða fimm fingur. Eins og Biblían segir okkur, að Gamla testamentið sé skuggamynd, táknmynd upp á hið nýja, eða það sem átti að koma, ekki hið raunverulega en skuggamynd, táknmynd þess sem koma átti.

55. Lítum nú til baka og skoðum hvort þetta átti sér stað fyrir á öldum. (Vilt þú gera það?) Þannig að við vitum hvernig við getum sannað þetta fram og til baka með Orðinu, ekki með hugmyndum manna eða kenningum manna. Mér er alveg sama hver viðkomandi er, einhver annar maður eða ég sjálfur, ef hann talar ekki samkvæmt lögmálinu og spámönnunum, þá er ekkert ljós í honum. Skilurðu? Það er það, sem Biblían segir. Guð skal reynast sannorður, þó sérhver maður reynist lygari, það er sama hver hann er.

56. Nú skulum við líta til baka og komast að því hvað gerðist til að fá dæmi. Við gætum farið í 2. Mósebók og rannsakað einstakling, Móse að nafni, sem var smurður spámaður, sendur af Guði, með Orð Guðs og vilja Guðs til sinnar kynslóðar. Þar sem Orð Guðs stendur alltaf stöðugt, þá gerði Guð ekkert án þess að Hann opinberaði það fyrst spámanni sínum. Síðan framkvæmdi Hann það.

57. Nú, Hann getur ekki logið. Hann getur ekki verið Guð og farið með lygi. Sannarlega ekki. Það er engin lygi í Honum. Hann er... og Hann getur ekki breytt því. Ef Hann gerði það, þá væri hann ekki Guð. Þá hefði Hann gert mistök. Skiljið þið? Svo að það, sem Guð segir, er rétt að eilífu. Skilurðu? Og Hann lofaði þessu. Svo fylgist nú með. Það er hvergi í Biblíunni neitt, sem ekki er í samræmi innbyrðis.

58. Guð hafði lofað Abraham að sæði hans yrði útlendingar í ókunnugu landi í fjögur hundruð ár. Síðan myndi hann leiða þá út með máttugum armlegg, sýna tákn sín og undur á þeirri þjóð, sem þeir dvöldu hjá. Tími fyrirheitsins nálgadist. Fólkið hafði gleymt því. Það hafði allskonar farísea og saddúkea og svo framvegis, kirkjudeildir. En skyndilega birtist Guð og kallaði fram mann sem var ekki í neinni þeirra. Guð

hefur aldrei nokkurn tíma kallað spámann, sem er í kirkjudeild. Nei, sannarlega ekki. Sá maður yrði svo ringlaður. Hann gæti ekki gert það. Hann yrði að halda sig við þá kirkjudeild.

59. Móse, var maður sendur af Guði með Orð Guðs. Og á leið sinni inn í hið fyrirheitna land, með fyrirskipanir Guðs, mætti hann öðrum spámanni. Öðrum smurðum, sem hafði sömu sönnu smurningu Heilags anda og var yfir Móse. Það er alveg rétt. Heilagur andi var yfir þessum manni. Hann hét Bíleam. Við könnumst öll við hann. Það sem hann sagði, er ennþá að eiga sér stað nú, um tvö þúsund og átta hundruð árum eftir að hann talaði það út. “Ísrael, horn þín eru sem horn vísundarins. Blessaður sé hver sá, sem blessar þig, en bölvður sé hver sá, sem bölvvar þér.” “Hve fögur eru tjöld þín, Jakob! Bústaðir þínir, Ísrael.” Sjáið þið til. Hann réð ekki við sig. Hann kom þarna og ætlaði sér að bölvfa fólkinu.

60. Ó, þið falskennarar. Sem hafið hlýtt á þessar upptökur öll þessi ár og séð Guð staðfesta nákvæmlega það sem Hann sagði og þið hafið setið á skrifstofunni ykkar og vitað að þetta er sannleikurinn, en vegna þess að kirkjudeildir ykkar eru ekki sammála þessu, þá standið þið gegn því og segið fólkinu að þetta sé ekki svo. Vei ykkur! Ykkar tími er senn á enda.

61. Bíleam var smurður af sama Heilaga anda og var yfir Móse... hver var þá munurinn? Fræðsla Móse var fullkomin. Biblían segir í 2. Pétursbréfi að það hafi verið fræðsla Bíleam til Ísrael, sem Guð fyrirgaf aldrei. Ófyrirgefanleg synd. Enginn af þeim frelsaðist. Þótt þeir hefðu verið undir blessun Guðs og séð hönd Guðs að verki gegnum hinn mikla spámann Guðs og séð það sannað af Guði. En vegna þess að annar spámaður kom með fræðslu, sem fór gegn honum og rökræddi við Móse og reyndi að sanna fyrir fólkinu að Móse hefði rangt fyrir sér. Datan, Kóra og svo margir aðrir voru sammála honum og kenndu börnum Ísraels að ástunda hjáguðadýrkun. Að fylgja kirkjudeildinni, að við erum allir eitt. “Hvort sem við erum Meþódistar, Baptistar, Hvítasunnnumenn og hvað sem er, þá erum við allir eins.” Við erum ekki allir eins. Þið eruð lýður, sem er kallaður út, heilagur fyrir Drottni, helgaður Orðinu og Anda Guðs, til að bera ávöxt síns dags. Og þú ert ekki af þeim. Ég veit að þetta er sterkt til orða tekið, en það er sannleikur samt sem áður. Helguð til þjónustu á þessum síðustu tímum... komið ykkur burt frá þeim.

62. Nú, kenning Bíleams... ekki spádómur Bíleams, hann var í lagi, það var Guð. Hve margir trúa því? Spádómur Bíleams var réttur, af því að hann gat ekki talað neitt annað. Og Guð staðfesti það með því að sanna að það var sannleikur. En það var kenning Bíleams. Berið þetta nú saman við Matteus 24:24. Smurðir, en kenning þeirra er röng, þrenningarkenning og það allt saman. Rangt. Andkristur. Ég vona að ég særi ekki tilfinningar þínar og ekki slökkva á útsendingunni og ekki standa upp og ganga út. Þú skalt bara sitja rólegur og sjáðu til hvort Heilagur andi opinberar ykkur þetta ekki og staðfestir það. Þú segir: “En ég...” Það er sama hvað þér finnst, sittu kyrr og hlustaðu og biddu Guð að opna hjarta þitt. Þá munt þú komast að því hvort þú ert þyrnir eða þistill, eða hvar þú ert staddur. Skilurðu?

63. Jafnvel Júdas, sem var sonur glötunarinnar, hann sat við hlið Jesú og Jesús sagði við hann: “Þú ert hann. Það sem þú gjörir, gerðu það skjótt.” Hann vissi hvað hann var að gera við þessa 30 silfurpeninga, sem hann seldi Jesús með, til að öðlast frama.

Einn af lærisveinum Jesú, sá sem var gjaldkeri kirkjunnar. Jesús kallaði hann vin sinn. Skilurðu. Biblían segir að hann hafi verið fæddur glötunarsonur, alveg eins og Jesús fæddist sem sonur Guðs. “Leiða afvega jafnvel hina útvöldu.”

64. Takið nú vel eftir, meðan við höldum áfram að læra um þetta. Tökum annað tilfelli úr Konungabók. Það var spámaður sem hét Míka. Hann var sonur Jimla og hann var spámaður. Hann var það. Og það var annar spámaður, leiðtogi spámanna, hinna smurðu. Biblían segir að þeir hafi verið spámenn, alveg eins og hún segir að Bíleam hafi verið spámaður. Þeir voru smurðir. Og það var einn þarna, sem hét Míka, sem var smurður af Guði og sendur af Guði með Orð Guðs. Þarna var annar, Sedekía, sem hélt að hann væri sendur af Guði. Hann var smurður af Guði en kenning hans var gagnstæð Orði Guðs. “Fram munu koma falskristar og falsspámenn, sem munu leiða afvega jafnvel hina útvöldu ef orðið gæti.”

65. Takið eftir, að þeir voru báðir smurðir. Hvernig var hægt að vita hvor þeirra hefði rétt fyrir sér og hvor rangt? Takið eftir því Orði, sem var lofað Akab. Spámaðurinn, sem var á undan honum, það var Elía. Einn af mestu spámönnum þeirra tíma. Hann var staðfestur af Guði. Þessi staðfesti spámaður sagði við Akab að hundar myndu sleikja blóð hans (hann tók líf Nabóts) og að hundar myndu eta hold Jesebel og líkami hennar liggja á víðavangi. Hvernig er hægt að blessa það, sem Guð hefur bölvað? Eða eins og Bíleam sagði, hvernig getur þú bölvað því, sem Guð hefur blessað. Skilurðu? En þessir spámenn voru einlægir. Það er enginn efi um það að þeir voru góðir menn, einlægir menn. Til að vera spámaður í Ísrael varðst þú að vera einlægur. Eða jafnvel til að vera Ísraelsmaður. Þú varst grýttur, ef þú varst það ekki. Þeir voru heiðvirðir menn. Þeir voru klárir menn. Þeir voru menntaðir menn. Þeir voru útvaldir úr þjóðinni af Akab. (Sérð þú þetta, systir Wright?) Útvaldir úr þjóðinni, vel hæfir til...?

66. Þegar Míka sá þessa sýn, þá vissi hann í hjarta sínu hvað Orðið sagði, en hann langaði að sjá hvað andinn í sér myndi segja. Svo að þeir sögðu við hann: “Mæl þú sem þeir. Þá munum við taka þig aftur inn í samfélag okkar.” Við munum gera þig einn af okkur. Við tökum þig aftur inn í hreyfingu okkar. Þú ert... við vitum að þú ert spámaður, en þú ert alltaf að bölvva. Þú ert sífellt að bölvva Akab. Nú, Sedekía, aðalmaðurinn (páfinn, eða hvað sem hann nú var), hann er búinn að blessa Akab og segja: “Farðu af stað og segðu nú það sama Míka. Þú ert bara fátækur maður. Þú ert varla með neinn söfnuð að heitið geti og þessir náungar eru með margar milljónir í sínum. Öll þjóðin stendur með þeim. Segðu nú það sama og þeir. Sjáðu hvað þú munt þá bera úr bítum. Þú munt þá lifa á ríkidæmi landsins.” En Sedekía er að tala við vitlausan mann. Hvað ef hann hefði verið spurður:

“Finnur þú eitthvað rangt við Sedekía, Míka?”

“Nei.”

“Hefur þú einhvern tíma séð hann syndga?”

“Nei.”

“Hefur þú heyrt hann bölvva einhverjum?”

“Nei.”

“Hefur þú séð hann drukkin?”

“Nei.”

“Getur þú borið á mótí menntun hans?”

“Nei.”

“Heldur þú að doktorsgráðan hans sé svikin?”

“Nei.”

“Heldur þú að allt sé í lagi með námsgráður hans?”

“Vissulega, af Sanhedrin ráðinu, (ég býst við að við getum kallað það ráð, ég held að það sé í lagi).”

“Af hverju gengur þú þá ekki í lið með honum?”

“Af því að hann er ekki í Orðinu.”

“Allt í lagi. Við skulum þá hafa uppgjör.”

Eins og Elía spámaður þar á undan... og ef þú ert barn Guðs, þá heldur þú þig við spámann þessarar Biblíu. Það er Orðið.

67. Takið eftir stundinni, tímabilinu. Nú, hvað ef Sedekía sagði: “Ó, ég veit að spámaðurinn sagði þetta, en það var fyrir kynslóð einhvern tíma í framtíðinni. Það er langt þangað til.”

Míka sagði: “Bíðið þar til ég sé sýn frá Guði og þá mun ég segja þér frá þessu.”

Hinn sagði: “Svo að þú segir þá alveg það sama?”

Míka sagði: “Ég mun segja það sem Guð segir, ekkert annað, ekkert meira. Ég get ekki bætt einu orði við það, eða tekið eitt orð burt.” Þannig að Drottinn kom til hans í sýn það kvöld. Hann fór út næsta morgun. Hann sagði: “Það er...”

68. Tveir spámenn. Mesti maðurinn meðal þjóðarinnar, í augum hersins og almennings, var Sedekía. Hann var aðalspámaður konungsins. Hann var leiðtogi allra hinna spámanna í hreyfingunni. Þeir gerðu hann að foringja samtakanna. Hann var án efa mest lesinn og með bestu menntunina. Hæfastur til að gegna starfinu. Og hann var smurður af Heilögum anda, af því að hann er kallaður spámaður. Vissulega. Hann var enginn venjulegur spámaður, heldur hebreskur spámaður. Fylgist nú með honum.

69. Sedekía sagði: “Drottinn talaði til mín: ‘Taktu þessi tvö horn úr járni.’” Tákn. Spámanningnum er venjulega gefið tákn. Hann sagði: “Taktu þessi tvö horn úr járni.” Heilagur andi sagði við mig: “Taktu þessi...” Smurningin sem blessaði mig. (Ekki halda að þetta sé guðlast, en til að koma með punkt hér.) Heilagur andi, sem talaði í tungum í gegnum mig, sá sem staðfesti mig, hann sagði: “Taktu þessi horn og segðu konunginum að hann muni reka Sýrlendinga úr landi. Og ég mun gefa honum aftur landið, sem tilheyrði Ísrael, kirkjunni.” Bróðir, þetta er grundvallaratriði. Alveg eins og Bíleam hefði verið þar. Bíleam talaði eins mikinn grundvallarsannleika og Móse... hin rétta tala Guðs er sjö og Bíleam sagði: “Byggið mér sjö altari, sjö hreinar fórnir, og sjö hrúta.” Það segir frá komu Sonar Guðs. Hann hafði í grundvallaratriðum alveg eins rétt fyrir sér og hver annar.

70. Og hér hefur Sedekía í grundvallaratriðum rétt fyrir sér. “Þetta land tilheyrir okkur. Þessir Sýrlendingar og Filistear eru að fylla kvið barna sinna og svo framvegis, óvinur okkar, meðan börn okkar eiga við skort að búa. Guð hefur gefið okkur þetta land.” Bróðir, þetta eru góð rök. Ég býst við að hann hafi getað hrópað þetta yfir Ísrael og þeir kallað og hrópað eins hátt og þeir gátu. Nú er ég að tala um daginn í dag. Ég vona að þið getið fylgt mér eftir. Öll þessi köll og hróp.

71. Munið þið eftir Davíð á sunnudaginn var? Þið þarna sem hlustið á útvarpið, eða eruð tengd við símana. Ef þið fenguð ekki síðasta boðskapinn, verið þá viss um að útvega ykkur hann. “Reynt að þjóna Guði, án þess að vera í vilja hans.” Það er sama hversu góð eða einlæg við erum, Guð tekur ekki á móti því. Skiljið þið?

72. Hér var Sedekía og hélt að hann hefði rétt fyrir sér. Míka sagði: “Ég ætla að spyrja Guð.” Næsta morgun kom hann með: “Svo segir Drottinn.” Hann bar sýn sína saman við Orð Guðs. Nú, ef hann hefði sagt við Sedekía: “Veist þú hvað spámaðurinn í Biblíunni sagði að myndi koma fyrir þennan náunga?...”

73. En ekki á þeim tíma, af því að þessi maður er heiðvirður maður. Hann er að reyna. (Ekki missa af þessu.) Hann er að reyna að ná aftur í það sem tilheyrir kirkjunni. Hann er að reyna að gefa henni aftur eign hennar. Ekki andlega hluti. Ef svo hefði verið, þá hefði hann skekið alla þjóðina eins og Elía gerði, en hann var að reyna að ná í efnislega hluti. “Við eigum eignir. Við erum stór samtök. Við tilheyrum þeim. Þið mótmælendur ættuð að koma og sameinast okkur.” Við komum að þessu eftir smástund. “Við erum öll bræður og systur, hvort sem er.” Þannig er það ekki. Hefur aldrei verið og mun aldrei verða með hina sönnu kirkju Guðs. Getur ekki orðið.

74. Takið eftir að hann sá sýn. Þess vegna sagði hann: “Guð talaði til mín.” Sjáið nú til, maðurinn var einlægur. Hann sagði: “Guð sagði: ‘Taktu þessi horn, og farðu þarna fram fyrir konunginn og ýttu þeim í vesturátt,’ eða í hverja þá átt, sem landið lá fyrir framan þá. Ýttu og það verður: ‘Svo segir Drottinn, að þið munið öðlast sigur og koma aftur. Sigur fyrir kirkjuna. Þið munuð reka þá burt.’” Það var mjög nálægt, er ekki svo? Hvað var að? Hér kemur Míka. Hann segir: “Gef þú okkur núna þinn spádóm.”

75. Hann sagði: “Farið, en ég sé Ísrael tvístrast sem hirðislausu sauði.” Úfff, algerlega gagnstætt.

76. Nú eruð þið söfnuðurinn. Hver af þessum spámönnum hefur nú rétt fyrir sér? Eina leiðin til að vita það er í gegnum Orðið.

Hann var spurður: “Hvernig færð þú þessa niðurstöðu?”

Hann svaraði: “Ég sá Drottin sitja í hásæti sínu. Ég sá allan himinsins her standa honum til beggja handa.” Munið að Sedekía sá líka Guð í sama anda. “Ég sá Guð. Hann sagði mér að búa til horn úr járn. Farðu og ýttu þjóðunum burt, af því að þetta land tilheyrir okkur. Hinir hafa engan rétt á því.” Þeir hefðu rétt á því, ef þeir væru réttir gagnvart Guði. Þá myndu þeir hafa það, en þeir fjarlægðust Guð. Þannig er það með hreyfinguna, kirkjuna. Hún á rétt á þessum hlutum, en það hefur verið platað út úr þér, (kirkjunni), af því að þú fjarlægðist Orð Guðs og Anda Guðs. Smurningu þess að staðfesta Orðið, sem tilheyrði þeim tíma. Ekki missa af þeim skilaboðum.

77. Takið eftir hvað á sér stað næst. Hann sagði: “Ég sá Guð,” Míka sagði: “Hann sat í hásæti sínu og allur himins her stóð beggja vegna við Hann. Og Drottinn sagði: “Hver vill ginna Akab til að fara til Ramót, til að orð Elía mættu rætast?” Spámaður minn var staðfestur. Ég sagði að hann myndi koma. Og Elía hafði Orð mitt. Og himinn og jörð munu líða undir lok, en mín orð munu aldrei undir lok líða. Mér er alveg sama hversu nýtískulegir þeir verða, eða hversu góðir þeir eru, eða hve miklir þeir eru. Orð mín munu aldrei bregðast. Og lygaandi kom frá helvíti, féll fram fyrir hásætinu og sagði: “Ef þú leyfir mér, þá skal ég gefa þeim smurningu mína, láta þá gera alls kyns tákn og undur, ef ég aðeins get haldið þeim frá orðinu. Hann mun ekki einu sinni vita að það er orð þitt. Hann mun hunsa það til að verða vinsæll. (Bróðir, tímarnir hafa breyst. Það er satt bróðir Neville.) Ég skal koma yfir þá og fá þá til að gera sömu hluti og þið gerið. Ég skal fá hann til að spá og það mun vera lygi.” Hvernig gat það verið lygi? Af því að það var gagnstætt Orðinu.

78. Takið sem dæmi einhverja af þessum röngu skírnum. Eitt rangt hér og annað þar. Mér er alveg sama hve það hljómar raunverulega, hve mikið þeir reyna að herma eftir. Það er samt lygi, ef það er gegn Orði því, sem á að tala til þess tíma... við munum fara dýpra í það svólítið seinna ef tíminn leyfir.

79. Takið eftir að Sedekía var án efa einlægur maður, góður maður. Og hann sagði... Síðan á hinn bóginn sagði Míka (ekki beint en í óbeinum orðum), “þú ert smurður af lygaanda.” Væri það ekki eitthvað til að segja við biskup? En Míka gerði það. Þannig að þessi biskup gekk til hans og sagði: “Þú ert ekki lengur meðlimur,” og sló hann í andlitið og sagði: “Þú veist að ég er maður, sem er staðfestur. Kirkjan mín hefur gert mig að leiðtoga sínum. Vinsældakosning Guðs fólks setti mig í þessa stöðu. Hreyfing mín gerði mig að leiðtoga og Guð gaf okkur þetta land og hann ætlast til að það tilheyri okkur og ég hef: ‘Svo segir Drottinn.’” Hann sló Míka og sagði: “Hvaða leið hefur Andi Drottins farið, þegar hann yfirgaf mig?” Míka sagði: “Þú munt komast að því einn daginn, þegar Kalifornía er sokkin í sæ,” og mikið af þannig hlutum. Skiljið þið? “Það munt þú sjá á þeim degi, þegar þú ferð í felur úr einu herberginu í annað.”

80. Hvað ætlar þú að segja núna, Akab? “Ég trúí spámanni mínum,” sagði hann. Hvað ef hann var nýbúinn að leita í Orðinu? Sjáið til. Hann vildi ekki láta bölvu sér. Hlýðið á mig. Hann vildi ekki láta bölvu sér. Enginn maður vill það. Og þú, bróðir minn í samtökum, það er það sem er að þér. Þú vilt halda að þú hafir rétt fyrir þér, þegar þú veist í hjarta þínu að það, að skíra í nafni föður og sonar og heilags anda er lygi. Þú veist að þegar þú spáir og segir það sem þú segir og talar um grundvallarsönnun og allt það, þá hefur þú rangt fyrir þér. Hvernig getur það verið grundvallarsönnun að tala í tungum og tala síðan gegn fyrirheitum Guðs um okkar tíma? Hvernig getur það verið? Þú vilt ekki bölvunina, er það? En ritað er, að svo muni verða. Það er merki dýrsins, sem er svo nálægt að það myndi leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.

81. Tákn, undur, smurðir menn, spádómar og allt það, sem er að koma fram. Alls kyns undur og tákn. Hvernig ætlar þú að þekkja muninn? Fylgstu með Orðinu fyrir okkar tíma. Þannig tekur þú... fylgstu með Móse. Hvernig hann hefði getað sagt eitthvað við Bíleam. Takið eftir Míka hér. Hvernig vitum við að hann hafði rétt fyrir sér? Orðið á undan honum hafði spáð um Akab. Og Orðið á undan hefur spáð um hreyfingar þessa tíma og bölvunina yfir þeim og það sem á að eiga sér stað í kirkjunni, sem er sannarlega smurð. Hún mun hafa Orðið. Brúður Orðsins. Hér er það komið í dag, alveg eins og þá.

82. Biblían segir að þrjú vitni eigi að bera vitni um eitthvað, til að það sé sannleikur. Ég talaði um Bíleam, ég talaði um Bíleam og Móse. Og nú hef ég talað um Míka og Sedekía. Ég ætla að koma með eitt enn, þau eru mörg hundruð, en eitt enn, til að vitnin séu þrjú. Ég er með fullt af þeim skrifuðum niður, en til að spara tíma... Jeremía, sem var spámaður, staðfestur, útlagi, en staðfestur spámaður Guðs. Þeir hötuðu manninn. Þeir fleygðu í hann ofþroskuðum ávöxtum og ýmsu öðru og hann lagði bölvun á þá. Og það sem hann gerði... og hann lá þarna á hliðinni og gerði ýmislegt annað og hann gaf tákn sem sýndu að Ísrael stæði ekki rétt. Hver spámaður, sannur spámaður, sem nokkru sinni hefur verið reistur upp í heiminum hefur bölvað þessum kirkjudeildum, hreyfingum kirkjunnar. Hvernig gæti hinn óumbreytanlegi Guð farið að breyta því? Heilagur andi er spámaður þessa tíma. Hann er að staðfesta Orð sín og sanna þau. Heilagur andi var spámaðurinn á tíma Móse. Heilagur andi var

spámaðurinn á tíma Míka. Heilagur andi, sem ritaði þetta Orð, kemur og staðfestir Orðið.

83. Hvað gerðist á tímum Míka? Akab var drepinn og hundar sleiktu blóð hans, samkvæmt Orði Guðs. Ó, þið falskennarar, svo segir Guð, einhvern daginn munuð þið uppskera það, sem þið eruð að sá, þið blindir leiðtogar blindra. Ég er ekki reiður. Ég er bara að segja ykkur sannleikann. Og ég hefði ekki sagt þetta, ef Heilagur andi hefði ekki sagt mér, þarna uppi í herberginu mínu, að segja þetta svona. Hef ég einhvern tíma sagt ykkur eitthvað, sem Guð hefur ekki sannað að væri rétt? Vaknið bræður mínir, áður en það verður of seint.

84. En leyfið mér að segja þetta. Hvernig gæti þynirinn vaknað og verið orðinn að þistli, þegar hann var fyrirhugaður í sitt hlutverk? Hvernig gætu hinir útvöldu misst af því að sjá þetta? Af því að þeir eru útvaldir til að sjá það. “Allt, sem Faðirinn gefur mér, mun koma til mín,” sagði Jesús. “En enginn getur komið, sem ekki hefur komið til mín fyrir grundvöllun heimsins og fengið nafn sitt ritað í Lífsins bók lambsins,” ekki í kirkjubækur, en í Lífsins bók lambsins.

85. Takið eftir að Jeremía stóð upp, staðfestur fyrir fólkinu og það hataði hann. Þeir fóru og gerðu ok, hann gerði það og setti það um háls sér og fór fram fyrir fólkið. Það sagði: “Ó, við erum gott Guðs fólk. Við erum Ísrael. Við erum svo einlæg gagnvart samkunduhúsinu. Við förum þangað á hverjum laugardegi. Við fórnum og við borgum peninga. Hvernig getur Nebúkadnesar nokkru sinni haldið á hinum heilögu hlutum Guðs?” Ha? Syndir ykkar öllu því. Guð sagði: “Ef þér haldið boðorð mín, mun ég ekki gera þetta, en ef þér haldið þau ekki, þá kemur þetta yfir ykkur.” Það er alveg rétt. Enn hið sama í dag. Haldið boðorð Hans, Orð Hans fyrir þennan tíma, því sem Hann hefur lofað.

86. Takið nú eftir. Jeremía, staðfestur spámaður samkvæmt vilja Guðs, en samt hataður. Þeir voru allir hataðir á sínum tíma. Þeir gerðu svo undarlega hluti, gagnstæða því sem kirkjudeild dagsins gerði. Svo að hann setti ok um háls sér og sagði: “Svo segir Drottinn. Þeir munu verða þarna niður frá í 70 ár.” Af því að hann hafði skilning á Orði Guðs. 70 ár. Þá kom Hananja spámaður og braut okið af hálsi hans, sem var tákn frá Guði og sagði: “Svo segir Drottinn, þeir munu snúa aftur innan tveggja ára.” Bara til að sýna sig. Ég er einhver. Af því að hann var meðtekinn. Hann var spámaður hreyfingarinnar. Jeremía var maður öræfanna, sem bjó einn. Hann spáði þeim stöðugt öllu illu, af því að þeir voru illir. Og þessi maður sagði við þá: “Ó, þetta er allt í lagi, meðan þið aðeins eruð hluti af hópnum. Meðan þið eruð Ísrael, er þetta allt í lagi. Það er allt og sumt sem til þarf. Guð mun ekki gera þetta. Ég veit að eitthvað smávegis gerðist þarna, en ekki vera hrædd. Ó, bróðir minn, þeir eru enn á lífi í dag. Ekki hafa áhyggjur. Það er allt í lagi. Við höfum stjórn á þessu öllu saman. Við erum kirkjan.” Er það ekki það sem þú heldur? Jú.

87. Svo að hann sagði, “Þetta er allt í lagi. Þeir koma aftur úr útlegðinni eftir tvö ár. Svólítið gerðist, en það er ekkert óvenjulegt. Bara Nebúkadnesar, sem kom í heimsókn, en Guð okkar mun sjá um þetta allt saman.” En Orðið sagði að þeir myndu vera þar í 70 ár, þar til sú kynslóð væri afmáð og önnur kynslóð... fjörutfu ár var ein kynslóð. Þetta eru næstum því tvær kynslóðir, sem þið munuð vera þarna neðra,” og Jeremía sagði það samkvæmt Orði Guðs. Hananja braut það. Jeremía sagði: “Allt í lagi, Amen. En við skulum muna þetta, Hananja. Við erum báðir spámenn, við erum

þjónar Guðs. Og ég segi þér þetta, bróðir minn. Við skulum minnast þess að það hafa verið spámenn á undan okkur og þeir spáðu gegn konungsríkjum og gegn vissum konungum. En mundu að þegar spámaður segir eitthvað, þá verður hann að spá samkvæmt Orðinu, eins og Míka og Móse og allir hinir. Það verður að vera samkvæmt Orðinu. Ef það er það ekki, mundu þá hvað gerist.”

88. Síðan sagði Hananja, sem var orðinn reiður: “Ég er Hananja (það er enginn efi á því), spámaður Drottins og ég segi tvö ár.” Með öðrum orðum: “Mér er alveg sama hvað Orðið segir,” smurning Hans. “Ég segi að þeir verði komnir aftur eftir tvö ár.” Jeremía gekk burt frá honum, fór út og sagði: “Drottinn, mér er alveg sama hvað hann segir. Ég trúi samt og veit að Orðið segir svo. Ég mun vera þér trúur. Ég mun ekki láta hann plata mig.” Guð sagði: “Segðu Hananja. Ég geri næsta ok úr járni.” Af því að hann gerði þetta, var honum kippt burt af jörðinni. Hananja var kippt burt næsta ár. Hér eru fordæmi okkar. Báðir spámenn. Það væri hægt að nefna svo marga fleiri á þessari stundu.

89. En takið eftir. Jesús sagði að á þessum endatímum myndu andarnir tveir aftur vera nálægt hvor öðrum. Er það rétt? Takið nú eftir. Þeir munu verða enn nær hvor öðrum en þeir voru. Þetta eru endatímarnir. Ó, Guð veri okkur miskunnsamur, kæru börn. Svo nærri, að þeir myndu leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Nú, hvernig getum við... hvernig gátu þeir greint þá á þeim tíma? Hvernig getum við greint þá á okkar dögum? Á alveg sama hátt. Haltu þér við Orðið, sem er Jesús Kristur, hinn sami í gær og í dag og um aldir. Nú, íhugið þennan boðskap. Og þegar þú hlustar á þessa upptöku. Kannski verð ég farinn burt einn daginn, þegar Drottinn hefur lokið sér af með mig hér á jörð. Þá skaltu vitna í þetta. Hlustaðu á raust mína og það sem ég er að segja þér. Ef Hann tekur mig áður en Hann kemur, þá mundu þetta. Ég hef talað við þig í nafni Drottins, fyrir Orð Drottins. Já.

90. Takið eftir. Andarnir verða svo líkir hvor öðrum að þeir munu leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Þeir munu gera sömu tákni, sömu kraftaverk, fyrir sama Anda. Er það rétt? Alveg eins og spámennirnir sem við vorum að tala um rétt í þessu. Spámenn. Nú, einnig er ritað. Flettum upp á því í 2. Tímóteusarbréfi, 3. kafla. Við skulum ekki yfirgefa þetta og ég vil ekki... ég lít á klukkuna þarna og vildi gjarnan geta sleppt einhverju af þessu, en mér finnst ekki að við ættum að gera það. Skiljið þið? Takið eftir... ég stend hér og svitna, eins og ég geri... skiljið þið? En ég er hamingjusamur og ég veit að þetta er sannleikur.

91. 2. Tímóteusarbréf 3:8. Páll, maðurinn sem sagði: “Jafnvel þótt vér, eða engill frá himni kæmi og segði ykkur einhver önnur Orð, en ég hef talað, þá sé hann bölvadur.” Nú, engill kom frá himni. Það er 2. Þessaloníkubréf. Ó, afsakið mig. Takið eftir í 2. Tímóteusarbréfi 3:8. Páll talar. Við skulum byrja á fyrsta versinu og hlustið nú sérstaklega vel á. Þú, sem ert með Biblíu, lestu með mér. Þú sem ekki hefur Biblíu, hlustaðu vel á: “*Vita skalt þú þetta, að á síðustu dögum,*” strikið undir síðustu dögum. Það er þá sem þetta mun gerast. “*munu koma örðugar tíðir. (Við erum komnir þangað.) “Mennirnir verða sérgóðir, fégjarnir, raupsamir, hrokafullir, lastmælendur, foreldrum óhlýðnir, vanþakklátir, vanheilagir.”*

92. Takið eftir þessum hóp, sem við höfum í dag. Siðspilltir, jafnvel mennirnir á götunni. Þeir toga hár sitt niður fyrir augu og eru með þverklíppt hár eins og konur.

Afbökun, kynvilla. Hefur þú lesið Úrval í þessum mánuði? Sagði að bandaríska þjóðin á aldrinum, ég held það hafi verið tuttugu eða tuttugu og fimm ára, sé þegar komin á breytingaskeiðið. Þeir eru búnir að vera. Þeir eru siðspilltir. Vísindin segja að fókið sé orðið miðaldra, þegar það er enn á tvítugsaldri. Líkami þeirra er rotinn og orðinn að rusli.

93. “Ó, Ameríka, hve oft vildi Guð ekki safna þér saman undir vængjum sér, en nú er stund þín komin. Þú ert saurugust í heiminum.”

“Lastmælendur, foreldrum óhlyðnir, vanþakklátir, vanheilagir, kærleikslausir.” Enginn sannur kærleikur til hvers annars. Ekki milli manns og konu eða konu og manns, ekki einu sinni náttúrulegur kærleikur, saurugir kynferðislega. *“Ósáttfúsir, rógberandi, taumlausir, grimmir, ekki elskandi það sem gott er.”* Með öðrum orðum: Þeir tala um heilagsandahoppandi fólk. Einhver talaði við mig um daginn, um að fara í kirkju og sagði: “Ekki fara þangað, það er bara hávaði og læti.” Sjáið þið. Ekki elskandi það. *“Sviksamir, framhleypnir, ofmetnaðarfullir, elskandi munaðarlífið meira en Guð.”* Þú segir: “Þetta eru kommúnistar, bróðir Branham.” Hvað segir næsta vers? *“Þeir hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar,”* en hvað? *“en afneita krafti hennar.”* Jesú Kristi, hinum sama í gær og í dag og um aldir og fyrirheiti, sem birtist á okkar tímum. Alveg eins og Hananja. Alveg eins og Sedekía. Alveg eins og Bíleam og aðrir falsspámenn. *“Hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar.”* Smurðir, sjáið þið til. Yfirskin, smurðir, settir Guðsþjónar. *“Hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneita...”* Að Hann er hinn sami, í gær og í dag og um aldir og afneita Orði Hans. Hvernig afneituðu þeir Jesú á þeirra dögum? Hverju afneituðu þeir, þegar þeir afneituðu Jesú? Orðinu. Þeir voru trúræknir. Þeir kenndu úr Biblíunni, en afneituðu Orðinu, sem fram kom á þeim tíma. Hvað eru þeir í dag? Alveg það sama, smurðir, prédika fagnaðarerindi Hvítasunnunnar, en afneita fyrirheiti dagsins í dag, um að Orðið verði sannað. Jesús Kristur er hinn sami í gær og í dag og um aldir. Sjáið þið þetta?

94. *“Úr hópi þeirra eru mennirnir, sem smeygja sér inn á heimilin og ná á sitt band kvensniftum, sem syndum eru hlaðnar og leiðast af margs konar girndum.”*

“Saumaklúbbarnir okkar og hitt og þetta.” Einhver kemur og reynir að mistúlka Orðið og segir: “Það er allt í lagi fyrir þig að hafa stutt hár, systir. Ekki hlusta á þennan hálfvita.” Skilurðu? “Og ef þú gengur í þessu... það er ekki málið, það er það sem kemur frá hjartanu, sem saugar manninn.” Skilurðu? Og hefur þú gert þér grein fyrir því, að þú ert smurð af illum, lostafullum, saurugum anda. Það er alveg sama þótt þú syngir í kór og sért með stutt hár. Það er illur andi. Það er gegn Orðinu. Það er alveg satt. Það segir Biblían. Og þú segir: “Ég geng í stuttbuxum, það sakfellir mig ekki...” Ef kona gengur í karlmansbúningi, þá er það viðurstyggð fyrir augliti Guðs. Hinn óumbreytanlegi Guð sagði það.

95. Ó, það er svo margt. Hvernig gætum við farið í gegnum það allt saman? Tíminn myndi líða frá okkur. En þú veist nóg, til að vita hvað er rétt og hvað er rangt. Og hvernig get ég leyft þeim að gera það? Hvernig gæti ég gert það? Þú segir: “Hvað eiga öll þessi hróp að þýða?” Ég er vitnisburður gegn þér. Einhvern tíma á dómsdegi, munt þú ekki hafa neitt horn til að fela þig í.

96. Hvernig gat Míka stöðvað það? Og Móse, hrópandi, að reyna að stöðva það og Jósúa og þeir hlaupandi meðal fólksins. Og Leví tók meira að segja sverð sitt og drap þá. Þeir héldu áfram samt sem áður. Því er spáð að þeir muni gera það og þeir munu

gera það, af því að það er ‘SVO SEGIR DROTTINN’ að þeir muni gera það. Heldur þú að kirkjudeildirnar muni leysa upp kirkjudeildir og snúa aftur til Orðsins? Það er ‘SVO SEGIR DROTTINN’, að þeir munu ekki gera það. Munu þeir fara inn í Andkristinn? Einmitt. Það er ‘SVO SEGIR DROTTINN’, að þeir munu gera það. Svo, hvað ert þú þá að segja? Ég verð að vera vitni og það verður þú líka. Allir trúaðir.

97. Takið eftir: “Kvensniftum, sem syndum eru hlaðnar.” Ó, allar hinar konurnar gera þetta. Falsspámenn. Hlýðið nú á. Ég er að tala um falsspámenn. Hvað munu þeir gera á síðustu tímum? Ná á band sitt kvensniftum, sem leiðast af margvíslegum girndum. “Já, ég veit vel um allar hinar konurnar...” Allt í lagi. Höldum áfram. Hvað sagði ég, rétt áður en þetta gerðist í Kaliforníu? Þið þarna í Los Angeles, í hvert skipti sem ég kem þangað, eru fleiri stuttklipptar konur og kvenlegir karlmenn en áður. Fleiri prédikarar, sem binda sig í hreyfingar. Þið eruð án afsökunar. Ef verkin sem gerð hafa verið í þér, hefðu verið unnin í Sódómu og Gómorru þá myndu þær standa allt til þessa dags. Ó, Kapernaum, þú sem kallar þig eftir englum, Los Angeles...” Sjáið þið hvað er að gerast? Hún mun lenda á hafsbotni. Hvenær? Ég veit ekki hvenær hún fer, en hún mun fara. Þið unga fólk, ef ég sé það ekki á mínum dögum, þá sjáið þið bara til, að hún mun hverfa.

98. “Þær eru alltaf að reyna að læra, en geta aldrei komist til þekkingar á sannleikanum.” Nú kemur það sem er átakanlegast. Hlýðið á þetta. “Eins og þeir Jannes og Jambres stóðu í gegn Móse, þannig standa og þessir menn í gegn sannleikanum. Þeir eru menn hugspilltir og óhæfir í trúnni.” Það var eitt sinn gefið hinum heilögu. “Óhæfir í trúnni.” “Og hann mun snúa hjörtum feðra, eða barna til feðra.” Óhæfir í trúnni. Veistu hvað það þýðir að vera óhæfur? Ef þú átt Scofield Biblíu, þá er merkt þar við. Síðan kemur útskýringin, það stendur að þekkja ekki stöðu sína. Það er það sem það er.

99. Bíðið nú aðeins. Ég þarf að fletta upp á dálitlu hérna. Ég held að ég hafi skrifað þetta rétt niður. Ég er ekki viss, en ég vil fletta þessu upp, áður en ég segi það. Bíðið nú aðeins. [Eyða á segulbandinu.] Óhæfir í trúnni. Það er aðeins ein trú. Það er alveg rétt. Óhæfir. Nú, ég ætla að lesa úr 18. kafla Lúkasar. Bíðið nú aðeins við. Þið þurfið ekki að skrifa þetta niður. Þið þurfið ekki að lesa þetta:

100. Þá sagði hann þeim dæmisögu um það, hvernig þeir skyldu ávallt biðja og eigi þreytast. Í borg einni var dómari, sem hvorki óttaðist Guð, né skeytti um nokkurn mann. Í sömu borg var ekkja, sem kom einlægt til hans og sagði: “Lát þú mig ná rétti á móststöðumanni mínum. Það vildi hann ekki lengi vel. En að lokum sagði hann við sjálfan sig: Ekki óttast ég Guð að sönnu, né skeyti um nokkurn mann. En ekkja þessi lætur mig ekki í friði. Því vil ég rétta hlut hennar, áður en hún gerir út af við mig með nauði sínu. Og Drottinn mælti: “Heyrið hvað rangláti dómariinn segir. Mun Guð þá ekki rétta hlut sinna útvöldu, sem hrópa til hans dag og nótt? Mun hann draga að hjálpa þeim? Ég segi yður. Hann mun skjótt rétta hlut þeirra. En mun mannsönurinn finna trúna á jörðu, þegar hann kemur?”

Það er spurningin. Hér er það sem ég ætla að fara í. Í Opinberunarbókinni, 10. kaflanum. Við komum bráðlega að því. Í öðrum ritningastað sagði hann: “Á dögum sjöunda engilsins, mun fram koma leyndardómur Guðs...” Hér... og spurningin er, ef þú heldur áfram á þessari línu, mun það koma fram? Mun ég finna trúna? Mun Malakí 4. kafla ganga í uppfyllingu á þessum tíma, sem sagt að snúa hjarta barnanna til feðra?

Hins upprunalega. Orðsins. Skilurðu?

“Eins og þeir Jannes og Jambres stóðu gegn Móse.” Hlustið nú líka á þetta.

2. Tímóteusarbréf 3:8. “Eins og þeir Jannes og Jambres stóðu í gegn Móse, þannig munu og þessir menn standa gegn sannleikanum á síðustu tímum.” Sjáið nú hvað stendur hér, hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar, smurðir... nú, þú skalt lesa þetta, þegar þú ferð aftur heim til þín, til að ég geti klárað þetta þennan morguninn, ef ég gæti.

101. Standa í gegn... í lífinu eru þeir fínir, menntaðir menn. Nú, þegar Móse fór niður til Egyptalands með skilaboð sem voru SVO SEGIR DROTTINN og var staðfestur og kallaði út Ísrael, sem var lýður, ekki kirkja. Ísrael var lýður. Þeir voru aldrei kirkja. Af því að orðið kirkja þýðir aðskilinn. Þeir voru lýður Guðs. Síðan, þegar þeir urðu smurðir og aðskildir, þá urðu þeir kirkja Guðs og síðan féllu þeir frá, af því að þeir trúðu ekki Orði Guðs og hlýddu á falsspámann. Ég vona að þetta nái að komast inn hjá þér. Ísrael, sem var lýður Guðs, kom undir handleiðslu Guðs. Smurðir af Orðinu og krafti Guðs. Þeir sáu undur og tákn Guðs og síðan, þegar Guð var að snerta við þeim, þá kom falsspámaður á meðal þeirra og kenndi eitthvað gagnstætt hinu upprunalega Orði. Þeir hlustuðu á það og fórust allir í eyðimörkinni, nema þrír menn. Bíðið nú aðeins við.

102. Eins og var á dögum Nóa, þegar átta sálir frelsuðust í vatni, svo mun og verða við komu Mannssonarins. Svo sem var á dögum Lots, þegar þrír komust út úr Sódómu, svo mun verða á þeim dögum, er Mannsonurinn opinberast. Ég er bara að vitna í ritningavers, Orð Guðs. Og himinn og jörð mun líða undir lok... það mun verða minnihluti.

103. Takið eftir því hér, að Móse fór til Arons. Móse átti að vera Guð. Guð sagði honum að vera Guð. Hann sagði: “Vert þú Guð og lát Aron bróður þinn vera spámann þinn. Legg þú honum orð í munn, ef þú getur ekki talað.” Sagði: “Hver gefur manningnum heyrn? Hver gefur honum málið?” Drottinn gerði það. Og hann hélt niður eftir. Hvað gerði hann? Hann gerði satt og réttlátt kraftaverk, sem Guð sagði honum að gera. “Kasta þú staf þínum til jarðar.” Hann tók hann upp og hann varð að höggormi. Tók hann upp og hann varð aftur að staf. Hann sagði: “Farðu fram fyrir Faraó og gerðu þetta og segðu: ‘SVO SEGIR DROTTINN’.” Þegar Faraó sá þetta sagði hann: “Þetta er ekkert. Bara ómerkileg galdrabrella.” Hann sagði: “Það er ekkert við þetta, það er bara hugsanaflutningur eða eitthvað. Við höfum náunga hér í hreyfingunni okkar, sem geta gert það sama. Komið hérna. Komdu hingað biskup þessi eða hinn. Við höfum þá, sem geta gert alveg það sama.” Það var Satan, sem talaði gegnum Faraó. Það var Guð, sem talaði gegnum Móse.

104. En fylgist nú með þessum náunga koma út. Jannes og Jambres gengu frammi fyrir Móse og opinberlega frammi fyrir lýðnum og gerðu sömu kraftaverk og Móse gerði. Þeir munu leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Er það rétt? Gerðu sömu hluti og Móse. Skilur þú? Nú, munið að þetta er: ‘SVO SEGIR RITNINGIN’ að þetta muni endurtaka sig á síðustu tímum. Hver var munurinn á Móse og Jannes og Jambres. Móse sagði: “Verði vatnið að blóði.” Og falsspámennirnir sögðu: “Vissulega, við skulum líka láta vatnið verða að blóði.” Og svo varð. Svo að Móse sagði: “Komi flugur.” Hvaðan fékk hann þetta? Beint frá Guði, sjáðu til. Og hvað gerði hann? “Vissulega, við getum líka látið flugur koma.” Þeir gerðu það. Sérhvert kraftaverk, sem Móse gerði, gátu þeir gert líka. Munið þetta, hugfestið það, við

komum brátt að þessu. Þeir geta gert hvaðeina, sem hinir geta gert, en þeir geta ekki haldið sig við Orðið. Þeir geta ekki haldið sig við Orðið.

105. Takið eftir að þeir gerðu þetta. En Móse, hinn sanni spámaður, sendur af Guði, reifst aldrei við þá eða sagði: “Þið getið ekki gert þetta.” Hann lét þá eiga sig, lét þá bara halda áfram sinn veg. Þeir eru spámenn í skipulagðri hreyfingu, en látum þá halda áfram. Móse hélt bara áfram og hlustaði á það sem Guð sagði. Allt sem Guð sagði. “Farðu nú og gerðu þetta.” Móse fór og gerði það. Hann gerði eitthvað nýtt. Þegar þeir sáu þetta, gerðu þeir eitthvað svipað. Hér koma þeir og framkvæma alveg eins og Móse.

106. Takið nú eftir að náungarnir litu út fyrir að vera... ó, fólk, ekki missa af þessu. Þessir svikarar, þessar eftirhermur, komu fram eftir að hinn sanni hafði komið á undan þeim. Skilurðu? Þeir koma til að herma eftir, sjáið til. Þeir verða að gera það. Djöfullinn getur ekki skapað neitt, hann hermir bara eftir frummyndinni. Og hvað er synd? Það er réttlæti, sem búið er að afbaka. Hvað er hórdómur? Rétt athöfn, sem búið er að afbaka. Hvað er lygi? Sannleikur, sem búið er að snúa út úr. Afbökun. Sjáið bara Hananja, afbökun hins upprunalega Orðs. Og Biblían segir að þessir náungar muni koma fram til að afbaka hið upprunalega Orð, sem var staðfest og sannað sem sannleikur.

107. “Gjör verk trúboða. Fullna þjónustu þína. Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, heldur hópa þeir að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum, til þess að heyra það sem kitlar eyrun.” Þeir fara og gera það sem þeir vilja og það er í lagi. “Við höfum sömu tákni og undur.” Og munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og hverfa að ævintýrum. Kreddum.

108. Ó, hve mikil meðvitund um Heilagan anda, óttablandin lotning fyllir sálu manns, þegar maður nemur staðar, til að sjá hve greinilegt þetta er og beint fyrir framan augun á okkur. Grafið upp hornsteininn þarna og lesið lítið blað, sem var lagt þarna fyrir 33 árum. Sjáið hvað Hann sagði þarna á horninu á Sjöundastræti, morguninn, sem hornsteinninn var lagður. Fylgist nú með. Morguninn, þarna við ána, þegar engill Drottins kom í eldstólpa. Fjöldi fólks úr mörgum kirkjum, stóð þarna á árbakkanum. Það sem Hann sagði. Sjáið hvort það rættist ekki. Sjáið hvað hefur gerst. Það er svo hörkulegt. Ég veit að þetta hljómar hörkulega, þið bræður þarna úti, en það er... Biblían sagði... Jesús sagði sjálfur, að það myndi leiða afvega hina útvöldu, ef orðið gæti. Það er engin leið að komast hjá því, hinir munu aldrei geta séð það. Ef orðið gæti, myndi það leiða afvega hina útvöldu.

109. Takið eftir að þessir náungar komu, eftir að Guðs sanni smurði hafði verið sendur. Hinn sanni spámaður Guðs, Móse. Og þegar Móse gerði eitthvað, hermdu þeir eftir því.

110. Nú, bróðir, systir. Þetta er mín eigin kirkja. Ég hef rétt til að prédika það sem ég vil, svo framarlega sem það er úr Orði Guðs. Og ég er ekki að dæma ykkur, en við skulum athuga hvaða tíma við lifum nú á. Ég bið að heilsa bróður Ruddell og bróður Junior Jackson og öllum þarna úti í bræðrakirkjum okkar. Ég gleymdi þeim þarna áðan. Ég held að þeir séu að hlusta á þetta í útsendingu, af því að það er ekkert pláss í kirkjunni.

111. Hugsið um þetta núna. Þeir gerðu sömu kraftaverk og Móse gerði. Móse lét flugur birtast. Þeir hermdu eftir því og létu líka birtast flugur. Sjáðu til, Guð sagði: “Þann dag sem þú etur af því muntu vissulega deyja.” Satan kom og sagði: “Vissulega munið þið ekki deyja.” Þið munuð verða vitrari. Hreyfing ykkar mun verða betri. Betri... (þið vitið). Skiljið þið. Bara afbökun og munið að það er ‘SVO SEGIR DROTTINN’ samkvæmt 2. Tímóteusarbréfi 3:8, að á síðustu dögum muni Jannes og Jambres vera á jörðinni. Nú, ég vil að þið takið eftir þeim tveimur. Eftirhermur. Við munum hverfa aftur til Sódómu eftir stutta stund og sjá englana þrjá, sem stigu niður og sjá eftirhermurnar og svo framvegis. Skiljið þið. Sjá hvað er rétt og hvað er rangt. Skiljið þið?

112. Takið eftir. Þeir gerðu sömu kraftaverkin. En takið eftir að þeir hermdu eftir — eftir að hið sanna og smurða Orð Guðs hafði verið flutt, af hinum sanna spámanni sem Guð hafði sent, komu þeir á eftir honum. Ég var að taka í hönd fólks fyrir tuttugu árum og tákn kom fram. Ó, það voru fleiri tákn en... og allir, einn er með það í vinstri hönd og hinn í hinni hægri og annar þefar af henni. Skiljið þið? Alls kyns... og ég velti því fyrir mér... Guð leyfir mér ekki að segja ykkur einmitt nú, hver sannleikurinn raunverulega er, en einn daginn munuð þið komast að því. Það var aðeins til að heimska þeirra myndi opinberast. Það var rangt frá upphafi. Ég mun segja ykkur þetta einhvern tíma, ef Guð leyfir það.

113. Takið eftir, að þeir gerðu sömu kraftaverkin, en þeir gerðu þau ekki fyrr en eftir að hið upprunalega Orð var fyrst gengið út. Þannig starfaði Satan í aldingarðinum Eden. Þannig hefur hann ávallt gert þetta. Hver spáði fyrst? Móse. Hver kom fyrst fram á sjónarsviðið, Móse eða Bíleam? Móse. Hver kom fyrst fram á sjónarsviðið, Jeremía eða Hananja? Sjáið þið hvað ég á við? Takið eftir að þeir gerðu eftirmynd. Holdlegar eftirhermur, einlægir, héldu að þeir væru að veita Guði þjónustu eins og Davíð. (Í síðustu viku.) En holdlegar eftirhermur. Ég er aðeins að bíða augnablik. Ég vil að þið lesið á milli línanna. Ef ég segi það ekki, þá mun Heilagur andi opinbera það, sérstaklega hinum útvöldu.

114. Hreyfing Faraós sagði: “Við höfum menn, sem geta gert það sama.” Og það gerðu þeir. Skilurðu? Af hverju gerði Faraó þetta? Af hverju leyfði Guð þetta? Af hverju ætti Guð að senda sannan, smurðan spámann þarna niður eftir, til að gera tákn frammi fyrir Faraó og leyfa síðan kirkjudeildareftirhermu að koma og herma eftir því frammi fyrir fólkinu? Af hverju ætti Hann að leyfa svikara að rísa upp og gera sama hlut og hinn sanni Andi Guðs hafði gert? Sjáið þið til, Ritningin verður að ganga í uppfyllingu.

115. Takið eftir. Hann gerði þetta til að herða hjarta Faraós og Egypta, til að sanna að Móse væri ekki sá eini sem hefði Orðið, að þeir gætu gert það sama og Móse gat gert. Og af hverju lætur Guð þessa hluti gerast á síðustu tímum? Svo að sama gæti gerst og þegar lygaandinn talaði við Sedekía. “Hvernig eigum við að ginna Akab til að fara, svo allt þetta geti gerst?” Hvernig mun hann fá fólkið til að treysta kirkjunum sínum, þannig að það geti átt sér stað, sem hann hafði spáð að myndi verða á Laódíkeu-kirkjuöldinni. “Af því að þú segir að þú sért ríkur og orðinn auðugur og þarfnist einskis. Ég er sem Drottning!” Átt ekkert. “Og veist ekki að þú ert fátækur, aumingi, vesalingur, blindur... og ég ræð þér, að þú kaupir af mér.” Hann sagði “Olíu og gull.” Af hverju gerði Hann þetta? Af hverju lét Hann þessa eftiröpun rísa upp á síðustu tímum, þegar allt er að rætast, fyrir hið sanna Orð Guðs — láta þá eftirhermur rísa upp

og gera það sama og afneita hinu sanna Orði Guðs. Hann (Guð) gerði það fyrir Móse, og Faraó gerði það gegn Móse — Jannes og Jambres gerðu það gegn Móse... og Biblían segir að það muni endurtaka sig á síðustu tímum. Hér erum við. Nú, ef það er ekki Ritning, sem gengin er í uppfyllingu, hvað er það þá?

116. Reifst Móse við þá og sagði: “Svona, svona, þú getur ekki gert þetta. Ég er sá eini sem er kallaður til að gera þetta. Hættu þessu nú.” Hann lét þá bara eiga sig, lét þá eiga sig. Munið að Biblían segir að eins og heimskja þeirra varð opinber, eins muni heimskja þeirra á síðustu tímum verða opinber. Þegar búið verður að hrífa Brúðina burtu og hún komin upp í himininn.

117. Takið eftir, Móse hinn sanni, hið opinberaða Orð, sagði aldrei neitt. Lét það bara eiga sig. En hann gerði það til að hann gæti hert hjarta Faraó, blekkt Faraó. Hann gerði það sama, til að hann gæti blekkt Akab. Og þessi litli náungi stóð þarna aleinn, litli Míka, og sagði við þá: ‘SVO SEGIR DROTTINN’. Hér var annar, smurður, ‘SVO SEGIR DROTTINN’. Og þeir stóðu hvor gegn öðrum.

118. Í dag erum við með ‘SVO SEGIR DROTTINN’ að niðurdýfingarskírni eigi að vera í Jesú nafni á síðustu tímum. Og annar maður stendur þarna og gerir kraftaverk og er þrenningarsinni. Sýndu mér orðið þrenning í Biblíunni. Það er ekki til. Sýndu mér hvar finnast þrír guðir. Sýndu mér hvar eitthvað þvílíkt fyrirfinnst. Það er ekki í Orði Guðs. Það er ekkert slíkt, eins og einhver láti skírast til nafns föður, sonar og heilags anda, með því að nota þessa titla. Allt þetta. “Ó, það er allt í lagi systur. Það er allt í lagi með það. Haldið bara áfram að hafa stutt hár. Það er allt í lagi. Þið þurfið ekki að gera þetta eða hitt. Ó, þetta er tóm vitleysa. Bara einhver della.” En Biblían sagði og Hann lofaði, að á síðustu tímum, myndi Hann senda anda Elía og kalla fólkið, börn Guðs, aftur til hinnar upprunalegu trúar, eins og hún var í upphafi Orðsins. Þetta orð var Mannssonurinn staðfestur, eins og það var í Sódómu. Í gær og í dag og um aldir. Hann lofaði að gera það. Það er loforð Guðs. Það er ‘SVO SEGIR DROTTINN’.

119. Takið eftir. Þeir gerðu það sama, alveg það sama og Móse, þar til Guð varð leiður á því. Munið að það er ‘SVO SEGIR DROTTINN’ að það muni gerast á okkar tímum. Leitið nú um heiminn. Skoðið sérhvern mann, sérhvern trúsofnuð, sérhverja kirkju. Ég skora á ykkur, í Jesú nafni, að gera þetta. Ég skora á ykkur að lesa dagblöðin eða hvar sem þið viljið athuga málið, og sjá hvort þetta er ekki á jörðinni einmitt nú. Þá er Matteus 24:24 nákvæmlega rétt. Falssmurðir munu rísa upp á síðustu tímum og vera falsspámenn og leiða marga í villu... spámenn, fleirtala — smurðir, fleirtala. Margir. Smurðir Meþódistar, Baptistar, Hvítasunnnumenn og svo framvegis. Skilurðu? En það er einn sannur Andi Krists og það er Orðið, sem varð hold, alveg eins og Hann lofaði að gera. Nú, við skulum halda áfram og fara í fleiri ritningavers. Þar til Guð fékk nóg af því. Þá var því lokið. Heimskja þeirra opinberaðist.

120. Takið eftir. Munið að fræbelgurinn lítur alveg eins út og hveitikornin. Sjáið þið til. Þið gætuð ekki sagt á Lútersöldinni að stilkurinn væri hveitið, en samt var líf í því. Það er allt í lagi með stilkinn. En munið að lífið hélt áfram, hélt áfram frá Elía til Elísa. Lífið heldur alltaf áfram og það þroskast. Munið að það er á öðru stigi. Það getur ekki haldið áfram að vera á því stigi. Við getum ekki borðað leifarnar frá einhverri annarri öld. Við getum ekki borðað Hvítasunnuleifar, eða leifar Meþódistar eða Baptista. Við höfum ferskan mat. Orð dagsins og svo framvegis. Munið að fræbelgurinn líkist hveitikorninu. Það líktist því ekki í blaðinu eða í brúsknum, en það

líktist svo sannarlega fræbelgnum. Það leit ekki út fyrir að vera Jesús Kristur, hinn sami í gær og í dag og um aldir, hjá Lúter. Það leit ekki út fyrir það hjá Wesley, en lítur svo sannarlega út fyrir það hjá Hvítasunnunni. Til að leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Skilurðu?

121. Hér eru aldirnar ykkar komnar. En munið að Hvítasunnukirkjan var Laódíkea og Kristi hafði verið hent út, kjarnanum, hveitinu sjálfu. Þegar Hann reyndi... munið að þegar Hann reyndi að opinbera sjálfan sig í kirkjunni, þá var Honum varpað út. Það var enn kirkja, hélt því fram að svo væri, smurð. En hér er Orðið, Kristur sjálfur, sem er hið smurða Orð, sem mun koma til að ná í það sem eftir er af líkama sínum, Brúðina. Hinir smurðu af sama vatni — vatnið sem vökvaði hveitið, eins og við töluðum um, vökvar líka illgresið, hina smurðu. Aðeins hinir útvöldu eða hinir fyrirhuguðu, munu geta séð muninn á þeim. Nú, Efesusbréfið 5:1 segir þér það og líka hvernig þetta var. Þeir eru smurðir.

122. Allir segja: “Dýrð sé Guði, hér er frelsi. Hallelúja. Ó, hallelúja, við tölum í tungum og hoppum. Við höfum frelsi fyrir konur. Þið reynið að setja þær undir alla þessa hluti.” Skiljið þið. Haldið bara áfram. Það er ekkert hægt að gera. Segja: “Nú, við skulum tala í tungum, við hrópum, við dönsuð í andanum, við prédikum orðið.” Vissulega. Ekkert hægt að segja gegn því. Það gerðu líka mennirnir í Biblíunni. Jesús sagði að það myndi leiða jafnvel hina útvöldu afvega, ef orðið gæti. Hina útvöldu.

123. Takið nú eftir. Fræbelgurinn af hinu upprunalega korni, korninu, sem fór niður í jörðina, það var engin hreyfing. Það var eitt korn í sjálfu sér. En þegar það kom upp, var það ekki korn. Það var hreyfing. Sjáið til, myndaði laufblöð, korn. Síðan fór það inn á annað stig og varð brúskur. Það var enn ekki orðið eins og í upphafi. Það var hreyfing. Það fór í stilkinn, mörg laufblöð, Hvítasunnan, næstum fullmynduð núna. Lítið á það, það er alltaf að taka á sig mynd, næstum alveg eins. Lítur út fyrir að vera hveitikorn, þegar þú sérð þennan litla brúsk. En að lokum opinberast það og er hreyfing. Það er ekkert meira til að bera það. Hreyfing er bara til að halda uppi. Engir fleiri til að bera það. Stilkurinn verður að deyja, fræbelgurinn verður að deyja. Það deyr allt saman. En hveitið lifir áfram. Það er upprisulíkaminn, sem kemur niður og hrífur það upp. Þeir síðustu verða fyrstir og hinir fyrstu síðastir. Skiljið þið? Tekur þá upp í upprisunni. Fylgist þið með þessu? Allt í lagi.

124. Takið eftir að fræbelgur lítur alveg eins út og kornið. Og sá sem á hveitiræktarbylí lítur á það og segir: “Lof sé Guði, ég hef fengið hveitjuþessu,” þegar hann hefur ekki fengið eitt einasta hveitikorn. Skiljið þið. Það lítur alveg eins út og hveiti, en er fræbelgur.

125. Hverfið nú aftur með mér, vinir. Þegar fyrsta vakningin kom eftir dauðann, dagana, þegar hveitikornið hafði fallið í jörðina, líkaminn, brúður Krists? Kristur skipulagði Brúði sína (er það rétt?), kirkjuna. Nei, Hann skipulagði hana aldrei. Hann setti bara postula, spámenn og svo framvegis í kirkjuna, til að halda henni hreinni. En í Níkeu — í Róm, 300 árum seinna, þá skipulögðu þeir hana og gerðu úr henni hreyfingu. Er það rétt? Og hún dó. Allt, sem ekki samsinnti þessari kirkju var drepð. Og hún lá í skítum í mörg hundruð ár, en eftir drykklanga stund kom hún aftur upp í Lúter. Fyrstu litlu spírurnar komu upp. Síðan tók kornið að bera ávöxt. Þeir héldu áfram, Zwingli kom og svo framvegis, hinar hreyfingarnar. Síðan eftir nokkurn tíma, kom Anglikanska kirkjan og hvað gerðist? Hér kemur Wesley með nýja vakningu,

brúskurinn. Það líkist hveitinu svolítið meira. Hvað gerðist svo með það? Hún skipulagði sig og þornaði upp og dó. Lífið fór aftur í fræbelginn. Og fræbelgurinn kom og var næstum nákvæmlega eins og hveitið. En að lokum var heimska þess opinberuð á síðustu átta eða tíu árum. Hvað gerir það núna? Fer burt frá hveitinu.

126. Nú, af hverju hefur engin ný hreyfing komið til sögunnar á þessum síðustu tuttugu árum þessarar miklu vakningar? Það eru smurðir spámenn, smurðir kennarar og svo framvegis, en af hverju er engin hreyfing? Það er ekkert handan kornsins. Sjáðu, það er komið aftur án hreyfingar. Ó, jafnvel blindur maður getur séð það. Hún getur ekki skipulagt sig. Hún er svo mikið á móti því. Hún er sjálf hveitikorn. Mannssonurinn mun opinberast. Kornið mun snúa aftur til síns upprunalega ástands, Mannssonurinn á þessum síðustu tímum. “Og það munu fram koma falskar eftirhermur á síðustu tímum, sem munu leiða afvega, jafnvel hina útvöldu ef orðið gæti.” Lítið bara á hvernig hreyfingarhismið þeirra dregur sig núna burt. Þar með ná hinir útvöldu að þekkja hveitið, þeir eru hluti af því.

127. Takið eftir hve fallega þetta kemur núna fram. Aðeins, munið hinir smurðu... munu geta... hinir sönnu útvöldu, fyrirhuguðu, Efesusbréfið 5:1 eða 1:5 frekar, munu verða, fyrirhugaðir, útvaldir. Þeir eru þeir einu, sem þetta mun ekki blekkja. Takið eftir. Hinir smurðu spámenn munu vera falskir. Og á meðal þeirra verða sannsmurðir menn. Hvernig getur þú greint á milli? Með Orðinu. Annað er aðeins og skuggamynd. Skilur þú þetta? Segðu þá amen. [Söfnuðurinn segir Amen.] Skiljið þið?

128. Takið eftir. Hinir smurðu. Aðeins Orðið mun aðskilja þá, ekki táknin. Ó, nei. Þeir munu gera sömu tákn. En Orðið mun aðskilja þá. Vissulega. Þeir spáðu allir, þeir gerðu allir hitt og þetta, vissulega, alveg á sama hátt. Jesús sagði að þeir myndu geta gert það sama. En það er Orðið, sem aðskildi þá, takið eftir því, ekki táknin.

129. Takið eftir: Jesús sagði í Matteusi 24:24... hann sagði ekki: “Upp munu rísa falskir Jesúsar á síðustu tímum.” Ó, nei, það myndi enginn falla fyrir því. Nei. Fengir þú sannan Hvítasunnmann til að segja að hann sé Jesús sjálfur? Eða Meþódista eða Baptista, eða úr einhverri annarri hreyfingu til að segja: “Við erum Jesús?” Þeir vita betur en það. Þeir munu ekki gera þetta. En Biblían sagði að þeir myndu verða falskristar, ekki Jesúsar, en falskir kristar.

130. Þeir hefðu ekki þekkst á að segja: “Ég er Jesús.” Ó, nei, en þeir eru falskristar og vita það ekki, af því að þeir eru gegn Orðinu. Og Guð staðfestir það sama. Ég er bara að sýna ykkur þetta núna, af því að þið hafið séð þetta fólk gera það sama og hið ekta gerði. Og Jesús sagði það. Nú, eins og ég hef sagt, þið þarna sem hlustið á útvarpið, ég... ég er ekki að dæma ykkur, en þetta er kirkjan mín, sem Heilagur andi hefur sett mig til að leiða og ég verð að segja þeim sannleikann. Tíminn stýttist.

131. Nú, þeir myndu ekki standa fyrir því, en falskristar, falssmurðir, með næstum því hvaða tákn og undur og hvern staf Orðsins. “Trúa þeir á skírni Heilags anda?” Vissulega. “Trúa þeir að tákn og undur muni fylgja þeim?” Jamm. “Trúa þeir á að tala í tungum?” Jamm. Það eru ekki Meþódistar. Það eru ekki Baptistar. Nei, nei. Það eru Hvítasunnmenn. Þetta eru síðustu tímar. Nú, fyrsta kirkjuöldin þurfti ekki að fást við þetta. Meþódistakirkjuöldin ekki heldur. Baptistakirkjuöldin ekki heldur. Öldungakirkjuöldin var ekki með þessum hætti, en Hvítasunnan, svo lík hinu raunverulega... það er þá sem fræbelgurinn er næstum alveg eins og hveitið. Þeir

(fyrri aldir) þurftu ekki þessa greiningu. Skilurðu? Þeir þurftu ekki gera það. En á síðustu tímum. Þessum tímum... svo sannarlega.

132. Takið eftir. Eins og var í upphafi, svo mun verða við endalokin. Eva mistúlkaði eitt orð. Satan færði Evu það og hún trúði því. Hún, ekki hann. Skilurðu. Kirkjan var sú sem fékk hið svikna orð. Skilurðu? Ekki Adam, Eva. Ekki Kristur, kirkjan, brúðurin, hinir smurðu, sem er álitin vera — eða kallar sig brúði... skilurðu. Hún fékk svikið orð. Getur þú ekki séð það? Það er alveg kristaltært. Allt sem þú tengir Biblíunni. Það tengist saman. Eva, ekki Adam. Eva trúði því, ekki Adam. Brúðurin svo kallaða, trúði því, ekki Kristur. Brúðurin svokallaða, hefur alls kyns tákni og undur, allt hið sama, en ekki hið sanna. Skilurðu? Leiðir afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Nú, fljótlega, það væri fínt ef við gætum klárað þetta á fimmtán mínútum. Þá værum við tímanlega í þessu. Takið nú vel eftir þannig að enginn misskilningur verði úr þessu.

133. Takið eftir. Þeir myndu ekki þola að vera kallaðir falskir Jesúsar. Ekki þola að vera kallaðir Jesús, vissulega ekki. Það væri of skýrt. Allir myndu vita það. Allir myndu vita að þeir væru ekki Jesús. Mér er sama þótt þeir hefðu olíu á bakinu og blóð á höndunum og í framan, þeir myndu samt vita það. Þeir myndu ekki standa fyrir því. En þeir kalla sig smurða, þeir gera tákni og undur og ná næstum því að leiða afvega hina útvöldu. En falskristar, falssmurðir, munu koma fram og leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti.

134. Takið nú vel eftir, ekki missa af þessari staðhæfingu, af því að hún er þess virði að þið hlýðið á hana. (Hann er að setja límband á hljóðnemann, til að hann detti ekki. Ég hef verið að svitna, límbandið blotnaði.)

135. Og þannig mun það verða, nákvæmlega þannig. Biblían sagði það.

136. Takið nú eftir. Ekki falskir Jesúsar heldur falskristar. Þeir halda að þeir séu smurðir, en þeir vita að þeir eru ekki Jesús. Það væri of augljóst. Ef einhver kæmi fram í dag og segði: “Sjáið naglaförin í höndum mínum. Lítið á enni mitt. Ég er Jesús.” Nú við vitum að það er rangt. Og munið að Jesús sagði aldrei að þannig menn myndu koma fram. Hann sagði að fram myndu koma falskristar, falsspámenn, kirkjudeildir og svo framvegis. Smurðir, smurðir af kirkjudeildaranda og ekki af Orði Guðs. Fylgist þið með? Ekki falskir Jesúsar, falskristar, falssmurðir. Skilurðu? En hve við sjáum þetta greini... vissulega mun þetta ekki fara framhá þér.

137. Munið nú. Ég hef alltaf sagt ykkur að það séu þrjár tegundir af fólki. Það eru þrír kynflokkar manna, af Sem, Kam og Jafet. Og eins og ég sagði, það er hinn trúaði, sá sem þykist trúa og hinn vantrúaði. Þannig hefur það alltaf verið og mun alltaf verða. Skilurðu? Það var Móse, hinn trúaði. Það voru Jannes og Jambres hinir vantrúðu. Sjáið þið. Það var Bíleam, Móse. Alltaf þessir þrír hópar af fólki. Trúaðir, þeir sem þykjast trúa og vantrúaðir.

138. Munið nú að hinn vantrúaði, kirkjudeildarkirkjan, trúir engum táknum, köld, formleg, stíf, kirkja heimsins. En sá sem þykist trúa er fræbelgurinn. Það er náunginn sem þykist trúa. Og síðan er það hinn trúaði, sem er sannur. Fylgist nú með þeim.

139. Takið nú eftir hvernig þessir vantrúuðu eru, eða þeir sem þykjast trúa og hinir vantrúuðu. Ó, þeir eru djarfir. Sjáið, jafnvel eins og Satan stóð upp í nærveru hins sanna Orðs og sagði: “Ritað er.” Er það ekki rétt? Af hverju gerði Satan það? Það er af því að hann þekkti ekki Orðið fyrir... hann þekkti orðið fyrir þann tíma, en hann efaðist um að þessi auðmjúki litli maður væri Orðið. “Ef þú ert sonur Guðs, af því að ég veit að sonur Guðs er að koma, af því að hann sagðist myndu gera það. Og ritað er: ‘Þín vegna bíður hann út englum sínum.’ Skilurðu? Sannaðu þetta fyrir mér. Leyfðu mér að sjá þig gera kraftaverk. Láttu mig sjá þig gera þetta.” Skilurðu? Sérðu hinn vantrúaða, þykjustu trúaða, eftirhermuna? Sjáðu Júdas á meðal þeirra á sama tíma. Þykjustutruaður. Skilurðu? Og taktu eftir. Síðan var það hið sanna Orð.

140. Hve djarfir þeir eru: “Takið ekkert mark á þessari vitleysu, það er ekkert við þetta. Ekki fara þangað. Það er ekkert nema hávaði. Það er ekkert við þetta, það er bara tilbúningur. Þetta er bara í huga ykkar.” Skiljið þið hvað ég á við? Standa í nærveru Orðsins og segja þetta. Satan gekk beint inn... eins og Biblían segir í Júdasarbréfinu, jafnvel erkiengillinn, þegar hann var að rökræða við Satan, sagði aðeins: “Drottinn ávíti þig.” Gegn sjálfu Orðinu. Og hér er andkristurinn, hinn smurði, stendur fyrir framan hið ekta Orð dagsins, Jesú Krist og sagði: “Ritað er.”

141. Lítum á síðustu tíma. Það mun vera svo nálægt hvort öðru, að það leiði jafnvel afvega hina útvöldu, ef orðið gæti. Almáttugur! Veistu hver er eina ástæða þess, að ekki er hægt að leiða afvega hina útvöldu. Veistu af hverju það er ekki hægt? Þeir hafa Orðið. Skilurðu? Alveg eins og lífið, sem er í rótinni (ég sagði þetta fyrir stundu) getur ekki afneitað sjálfu sér. Skilurðu? Það er Orðið og tímabil Orðsins. Það er rétt. Alveg eins og Jeremía. Hann vissi... það var alveg sama hvað Hananja sagði, hann vissi hvar hann var staddur. Það er alveg eins og Móse gerði og þeir allir. Hann vissi, alveg sama hvað falsspámaðurinn sagði, að í Orði Guðs stóð ritað. Það er ástæða þess að Míka gat sagt: “Allt í lagi. Sjáðu bara til.” Akab sagði: “Ég trúí spámönnum mínum. Hreyfing mín hefur rétt fyrir sér. Þegar ég kem aftur, verður allt í friði... varpið þessum náunga í fangelsi. ég mun sjá um hann. Gefið honum sorgarbrauð að eta. Vísið honum út, ekki eiga nein samskipti við hann. Þegar ég sný aftur og kominn friður, þá mun ég sjá um þennan náunga.” Míka sagði: “Ef þú kemur aftur, hefur Drottinn ekki talað til mín.” Hann vissi að hann hafði ‘SVO SEGIR DROTTINN’ og ekki fyrir eitthvað annað tímabil, heldur fyrir þann tíma. Amen. Hallelúja. Tímabilið... djarfir. Standa upp og rökræða við erkiengil. Það hefur verið sagt að heimskingjar gangi á negldum skóm, þar sem englar óttast að ganga. Það er rétt.

142. Jesús sagði að ástæða þess að hinir útvöldu verði ekki leiddir afvega, sé sú að þeir hafi Orðið. Þeir geta ekki verið neitt annað. Þeir þekkjá ekkert annað. Það er rétt. Munið að Móse lét ekki eftirhermur þeirra hafa áhrif á sig. Gerði hann það? Móse sagði: “Bíddu nú aðeins við, Faraó. Veistu hvað, Drottinn sagði mér að gera þetta. En dýrð sé Guði, þá sé ég að strákarnir þínir geta það líka. Svo ég skal segja þér hvað ég geri, ég geng í lið með þér.” Ha? Það hljómar ekki eins og spámaður Guðs sé að tala. Nei, svo sannarlega ekki. Hann stóð eins stöðugur og hann gat. Hann vissi fyrir víst, að Guð myndi sjá um þetta einhvern veginn, því Hann hafði lofað því. “Ég mun vera með þér. Ég mun ekki sleppa af þér hendinni eða yfirgefa þig.”

143. Hann vissi... svo að hann gekk ekki í lið með þeim, ó, nei, hann var réttur gagnvart þeim. Hann lét ekki það sem þeir gátu gert, hafa nein áhrif á sig. Þegar hann gerði

eitthvað... hann lét flugur birtast og þeir létu líka flugur birtast. Hann kom með blóð og þeir komu með blóð. Hann kom með allt og þeir hermdu eftir honum allan tíman, eins og þeir gátu. Hann stóð bara stöðugur. Hann vissi nákvæmlega að Guð var að verki. Skilur þú núna? Leggur þú tvo og tvo saman og færð fjóra? Þú þarft ekki að leita mikið. Skilur þú? Af hverju hinir sönnu trúðu láta ekki leiða sig afvega? Þeir eru hið fyrirhugaða sæði, sem á að standast á þeim tíma.

144. Einmitt líka... Jesús sagði þetta: “Margir munu koma á þeim dögum og segja: ‘Herra, hef ég ekki rekið út illa anda í þínu nafni?’” Jesús sagði að margir myndu koma þegar tímanum er lokið og upprisan mikla kemur. Að margir muni setjast til borðs í ríkinu. Guðsríki er innra með yður. Margir, illgresið mun koma og setjast niður ásamt hveitinu og segja: “Bíddu nú aðeins, Drottinn. Ég talaði í tungum, ég hrópaði og dansaði í andanum. Ég rak út illa anda. Ég talaði í tungum. Ég gerði alla þessa hluti.” Hvað mun Hann þá segja: “Víkið frá mér illgjörðamenn. Aldrei þekkti ég yður.”

145. Hvað er illgjörð? Spyrjið einhvern. Það er eitthvað sem þú áttir að gera, en gerðir ekki og þú munt ekki gera það. Þeir þekkja þetta Orð. Þú ert að hlusta á þessa upptöku. Þú ert að hlusta á þessi skilaboð. Þú heyrir Drottin Guð segja að þetta sé svo og þú sérð Hann staðfesta það, gera það að sannleika. Og þú veist þetta eins örugglega og jafn skýrt og greinilega og að sólin skín fyrir utan. En þú, sem heldur fast í kirkjudeildina þína, heldur í þessa fólsku hluti, þú illgjörðamaður. “Ó, jú, ég hafði góðar herferðir, ég gerði þetta og hitt.” Hann sagði: “Farið frá mér illgjörðamenn, aldrei þekkti ég yður.” “Nú, Heilagur Andi féll yfir mig.” Ég efast alls ekki um það. “Ég talaði í tungum, ég söng í andanum, ég gerði...” Ég efast hreint ekki um það. Engin spurning um það. Ó, bróðir, systir, hvílíkt ástand. Þetta eru skelfilegir tímar. Hvar erum við stödd? Orðið er nú að lifna við.

146. Takið eftir, jú. Hann sagði að þeir myndu gera þetta. Takið eftir: “Illgjörðamenn.” Ég er með ritningagrein hér, ég veit ekki hvar hún er. Ég er búinn að vera svo lengi að þessu. Ég ætla að fletta upp á þessu og sjá hvar hún var. Ég er með Matteus 7:21. Stundum gleymi ég, ef ég skrifa það ekki hjá mér. Ég gleymdi að ég ætlaði að vitna í þetta ritningavers, Matteus 7:21:

147. *“Ekki mun hver sá, er við mig segir: Herra, herra, ganga inn í himnaríki, heldur sá einn, er gjörir vilja föður míns á himnum. Margir munu segja við mig á þeim degi: Herra, herra, höfum vér ekki kennt í þínu nafni.”*

Spámenn, smurðir, sjáið þið til. “Hef ég ekki kennt í þínu nafni og rekið út illa anda í þínu nafni.” Hvernig getur þú gert það og neitað að skírast í Jesú nafni? Ó, sjáið þið hve þetta er blekkjandi. Alveg upp að þeim punkti. Þeir fara alla leiðina þangað og hrökkva svo til baka. Þeir fara alla leið að Orðinu og hrökkva svo til baka. Fylgist nú með. Við komum að þessu eftir stutta stund.

148. *“Margir munu segja við mig: Herra, herra, höfum við ekki kennt í þínu nafni.”* Við höfum verið spámenn, já ég talaði um það í Matteusi 24:24. *“Rekið út illa anda í þínu nafni og gjört í þínu nafni mörg kraftaverk? Þá mun ég votta þetta: “Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér illgjörðamenn.”* (Þegar þetta var fyrir framan ykkur og þið sáuð það, sáuð það hreyfast og vissuð að það var Orðið, og vegna kirkjudeildar ykkar, hélduð þið fast í hana. Ég þekkti ykkur ekki einu sinni, aldrei nokkurn tíma. Mér er alveg sama um það hve mörgum illum öndum þið hafið kastað út. Hve margir

ykkar gerðu hitt og þetta. Ég þekkti ykkur aldrei.) Bíleam sagði: “Ég spáði í þínu nafni og það varð.” Það er alveg satt, en þegar kom að Orðinu, þá hafnaðir þú því. Ó, bróðir minn, sérðu hve blekkjandi það er? Ekki nákvæmlega spámaður, en með hið sanna Orð, staðfesta orð, sem opinberaðist. “Þið illgjörðamenn.”

149. Satan hefur reynt að herma eftir hinu sanna Orði á öllum öldum. Við vitum það, er ekki svo?

150. Takið eftir, þeir komu að markalínunni og stoppuðu. Sjáið hér. Hann sagði í Hebreabréfinu 6. kafla, sem við lásam áðan. Við ætlum að vitna í það næstu mínúturnar. Hann sagði: “En beri hún þyrna og þistla, er hún ónýtt. Yfir henni vofir bölvun og hennar bíður að lokum að verða brennd.” Markalínan. “Hafa smakkað hina himnesku gjöf.” (Smakkað, í öðrum orðum, þið hafið séð það. Þú getur ekki aðeins smakkað á því með munni þínum, en þú hefur séð það og vissir að það er sannleikurinn. Þú vissir að það var sannleikur.) “Smakkað hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í Heilögum anda og reynt Guðs góða orð (bragðað, þú sást að það var rétt og Heilagur andi kom yfir þig, illgresið á akrinum), en féllst síðan frá og afneitaðir þeim sama Kristi og helgaði þig, sem kallaði þig og smurði þig þessari smurningu, þá er eftir það ógerlegt að endurnýja þá til afturhvarfs.” Það er ófyrirgefnalegt. Það er ómögulegt fyrir þá að komast til þekkingar á sannleikanum. Það er ómögulegt fyrir þá, sem eru orðnir hluttakendur í Heilögum anda. (Féll á illgresið, skilurðu?) Byrjaði með Jesú og “Drottinn, ég kemst í gegn,” en þegar kom að Orðinu, féllst þú frá. Eru hluttakendur í Heilögum anda og hafa bragðað (eða séð Orðið opinberast) og féllu síðan frá, þá er ómögulegt fyrir þá að sjá það nokkurn tíma eða koma til þess. Það er ‘SVO SEGIR RITNINGIN’. Himinn og jörð munu líða undir lok, en ekki hún (Ritningin). Skilurðu þetta? Algjörlega ómögulegt. Og Andinn vitnar með þessu.

151. Takið eftir. Ég ætla að gefa ykkur dæmi. Sjáið fólkið sem gekk út, undir þjónustu Móse. Gekk út úr hreyfingunni og gekk út úr öllu undir spádómsþjónustunni, sá tákni og undur og stórvirki og þannig hluti. Síðan kom það að mörkum þess að ganga inn. Nú, Lee, hér er nafnið þitt á bók. Sjáðu, þú ert búinn að gera hana tilbúna. Þú ert með hana. Og þið sem eruð þarna úti að hlusta. Dr. Lee Vayle er að yfirfara bókina um kirkjaldirnar sjö og vandamál kom upp í sambandi við að nafn þitt sé afmáð úr Lífsins bók Lambsins. Skilurðu, það hefur vafist fyrir mörgum prédikurum, en bíðið bara þangað til bókinn kemur. Þá muntu skilja það, ef þú hefur eitthvað ljós í þér. Takið eftir. Þú munt líta í hina áttina og ekki einu sinni vilja sjá þetta, ef þú vilt það ekki. Eins og móðir mín sagði alltaf: “Þú getur ekki látið rófu blæða, af því að það er ekkert blóð í henni.”

152. Takið eftir. Ljósið verður að koma, það er ekki í myrkri. Ljósið skín í myrkrinu og myrkrið tekur ekki á móti því. Takið nú eftir, hinir smurðu á þessum tímum. Eins og Móse leiddi út börn Ísraels og þau hlustuðu og urðu ringluð með þessari miklu þjóð þarna. Ísrael var utan kirkjudeilda. Þeir áttu ekkert land, ekkert heimili, þeir voru á leið til heimilis síns. Við höfum enga kirkju, við erum á leið í kirkju hins frumgetna, kirkjunnar, sem er í dýrð, ekki kirkjunnar sem er á jörðinni fyrir menn. Kirkjunnar, sem er í dýrð, hinir aðskildu, fyrirhugaðir til eilífs lífs. Skilurðu? Á leiðinni heim og þegar þeir komu að staðnum sem þeir þurftu að fara yfir, þá efuðust þeir um Orðið. Og komu á eftir Jósúa og Kaleb og þeim sem fóru yfirum og komu með vínberjaþrúgur, til að sanna fyrir þeim að landið væri þarna, landið sem Guð hafði fyrirheitið. “Það er gott land, drýpur af mjólk og hunangi.” Og komu með það hinu

megin, til að sanna þeim það, létu þá bragða á því og sögðu: “Ó, ó, við getum það samt sem áður ekki.” Hvað gerðist? Þeir fórust í eyðimörkinni. Þeir héldu sig þar og skipulögðu sig, allir nema þeir sem fóru yfir og sneru aftur, Jósúa og Kaleb. Móse var burthrifinn, tákn um bið kirkjunnar og upprisu Gamla testamentisins, Nýja testamentisins og hins burthrifna líkama. Sjáið þið þessa þrennu hér? Það varð að halda þessum þrennum til haga (sjáið þið þetta?) — í þeim trúaða og vantrúaða.

153. Takið eftir hvernig þetta var algjört. Munið að Guð fyrirgef aldrei þá synd. Ef það er þyrnir í upphafi, þá er það þyrnir að lokum. Aðeins hinir fyrirhuguðu munu sjá þetta.

154. Hlustið nú vel á. Alveg eins og á dögum heilags Marteins, rétt fyrir hinar myrku miðaldir, guðhræddur lítil maður. Hve margir hafa lesið rit Marteins? Mörg ykkar hafa gert það. Ég fór að ná í rit heilags Marteins. Presturinn sagði: “En hann var ekki tekinn í dýrlingatölu.” Kannski ekki af þeim, en af Guði. Heilagur andi sagði okkur að setja hann þarna í þriðju kirkjuöldina.

155. Og lítið á hve guðhræddur lítil maður hann var. Kallaður, fyrirhugaður. Foreldrar hans heiðnir, pabbi hans var hermaður. Hann átti að feta í fótspor hans og verða hermaður. Og þegar hann gerði það... hann trúði alltaf að Guð væri einhvers staðar, hann var maður skógarins og hann gat séð Guð. Dag einn fór hann framhjá borg og þar var gamall vesalingur, sem var að deyja. Bað þess að einhver... það var kalt þá nótt. Sá gamli sagði: “Lánaðu mér eitthvað yfir mig. Ég dey í nótt.”

156. Enginn vildi gera það. Marteinn stóð til hliðar og fylgdist með honum um stund. Enginn vildi gera það. Hann átti aðeins eina yfirhöfn. Honum myndi sjálfum verða kalt, ef hann gæfi manninum þessa yfirhöfn, hann var við skyldustörf. Þá hugsaði hann: “Við höfum báðir möguleika á að lifa ef ég deili yfirhöfninni með honum.” Svo að hann tók sína eigin yfirhöfn og skipti henni í tvennt með sverðinu sínu og vafði henni utan um gamla manninn. Allir sögðu: “Sjáið hve þetta er fyndið, sjáið, en fyndinn hermaður, hann er aðeins í hálfri yfirhöfn.”

157. Næstu nótt, þegar hann átti frí og lá í rúminu sínu vaknaði hann, leit upp og þar stóð Jesús Kristur og helmingurinn af yfirhöfninni var vafinn um hann. Þá vissi hann: “Hvað sem þér gjörði einum minna minnstu bræðra, hafið þér gjört mér, mínum smurða, sem lá þarna.” Hann var mikill þjónn Guðs. Kirkjan gerði grín að honum, ofsótti hann og henti honum út og allt annað, en hann var spámaður Guðs. Það sem hann sagði gerðist. Það voru margir, sem trúðu honum, líka á þeirri öld.

158. Mig langar að sýna ykkur hve blekkjandi djöfullinn er. Dag einn sat hann (Marteinn) í lesstofu sinni. Niður kom mikill engill, með kórónu á höfði, gullskó á fótum, gullbelti um sig miðjan og hann sagði: “Marteinn, þekkir þú mig?” Hann sagði: “Ég er Drottinn þinn og Frelsari. Ég er sá sem frelsaði þig. Tilbiddu mig Marteinn.” En þessi spámaður, vissi að það var eitthvað skrítið við þetta, horfði áfram á hann. Hann sagði: “Marteinn, ég er Frelsari þinn, Jesús Kristur, tilbiddu mig. Þekkir þú mig ekki Marteinn?” Marteinn hélt áfram að horfa á hann og Ritningin fór í gegnum huga hans. Hann sagði: “Vík burt Satan.” Hann sagði: “Þú ert með kórónu á höfði og Orð Guðs segir að hinir heilögu muni krýna þig við endi aldanna.” Hefði þetta ekki getað verið agn fyrir Hvítasunnnumenn? Fylgstu með Orðinu bróðir. Það borgar sig.

159. Dag einn í klaustrinu, þar var gamall heilagur maður og hópur af ungum munkum. Einn af þeim var frekar erfiður. Fylgist með, þetta er góð dæmisaga fyrir daginn í dag. Hann vildi vera eitthvað meira en hinir. Hann vildi sýna sig, vald, vera eitthvað meira, klassi. Vildi alltaf að hinir bræðurnir myndu ekki... þú veist, hann varð að vera öðruvísi. Skilurðu? Það er sama hvað það var. Hann var mjög hrokafullur. Hann var eina perlan á ströndinni, enginn mátti snerta hann. Sjáid hvað gerðist. Hann varð að vera eitthvað mikið, hann varð að bera sig saman við stóru samfélögin. Skiljið þið mig? Svo að hann sagði, hann spáði, hann sagði: “Drottinn gerði mig líka að spámanni. Ég er spámaður.” Það var einn staðfestur spámaður í landinu og það var heilagur Marteinn. Hann var fæddur spámaður.

160. En þessi krakki, þessi ungi maður sagði, ungur munkur, um það bil 25 ára gamall, hann sagði: “Drottinn hefur gert mig að spámanni og ég ætla að sanna það fyrir ykkur.” Hann sagði: “Í kvöld mun Drottinn færa mér stóran fínan kyrtil og færa mig í hann, hvítan kyrtil og setja mig meðal ykkar. Þá skuluð þið allir koma til mín (skilurðu) og þið munuð taka við skipunum frá mér.” Berið þetta saman við daginn í dag. Sjáid þið. “Ég mun verða leiðtogi hreyfingarinnar. Ég ætla að sjá um ykkur, hina munkana.” Og vissulega, þá nótt kviknaði ljós í húsinu, það segja rit heilags Marteins, lesið um það. Og þetta er raunverulegt, það er sagan. Og ljósin kviknuðu og allir hinir fylgdust með og hér kemur... hann var í hvítum kyrtli og stóð á meðal þeirra. Hann sagði: “Hvað sagði ég ykkur ekki.” En það var gegn Orðinu.

161. Og þegar þeir fóru að ná í gamla skólastjóran. Hann gekk um gólf stutta stund og sagði: “Sonur, þetta hljómar ekki rétt.” Hann sagði: “Það er aðeins ein leið til að komast að þessu. (Hér kemur það.) Þetta lítur út fyrir að vera yfirnáttúrulegt.” Maður lifandi, Hvítasunnan hefði nú gleypst við þessu, bæði öngulinn og allt snærið. Hann sagði: “Kraftaverkið virðist vera í lagi, en það lítur ekki rétt út samkvæmt Orðinu. Við eigum þannig einstakling, smurðan spámann, Marteinn að nafni. Komið og við förum til hans.” Náunginn sagði: “Nei, Marteinn hefur ekkert með þetta að gera.” Hann sagði: “Þú kemur samt sem áður.” Og þeir tóku í handlegg hans til að færa hann fram fyrir Marteinn og skikkjan féll af honum. Skilurðu? Myndi leiða afvega jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Þeir vita.

162. Jesús sagði: “Mínir sauðir heyra mín Orð.” Þú segir: “Heyra raust mína.” Það er Hans Orð. “Eigi lifir maðurinn af brauði einu saman, heldur sérhverju Orði sem fram gengur af Guðs munni.” Skilurðu? Hinir fyrirhuguðu vita þetta. Þeir fylgja ekki skrýtnu orði eða skrýttinni rödd. Þannig var það með þessa náunga þarna. Þeir vildu ekki hlýða. Þeir vissu að Marteinn var þarna. Spámaður aldarinnar, Orð Guðs bar kennsl á hann, hann þekkti Orðið. Og þessi maður vildi ekki standa frammi fyrir honum.

163. Hann sagði líka: “Þar munu ernirnir safnast, sem hræið (orðið fyrir þann tíma) er.” Það er... ef þú vilt lesa það, þá er það í Matteusi 24:28, rétt fyrir neðan Matteus 24:24, fjórum versum fyrir neðan það, ef þið viljið lesa það. “Þar munu ernirnir safnast, sem hræið (mannað — orðið) er.”

164. Ég verð að flýta mér, ég leit upp og sá hvað klukkan er. Hún er sjö eða átta mínútur yfir tólf. Ég ætla að flýta mér, eða við getum klárað þetta annað hvort í fyrramálið eða í kvöld. Ha! Hve margir þurfa að fara heim eftir samkomuna? Má ég

sjá hendur á lofti. Best að halda áfram. Mér þykir leitt að halda fólki við símana svona lengi, en ég skal flýta mér. Þetta er meira virði en peningarnir ykkar. Það er mér meira virði, trúi ég. Skilurðu? Peningarnir þínir munu fyrirfarast, en þetta er Orðið. Skilurðu?

165. Þar munu ernirnir safnast, sem hræið er. Þar sem hræið er, þar sem bráðin er, þar munu ernirnir safnast. Þar sem hið ferska kjöt er, Orð þess tíma, þar munu ernirnir safnast saman. En eftir að það er orðið rotið, þá munu hrægammarnir sveima yfir því. Skiljið þið hvað ég á við? Þegar dýr hefur verið drepið koma ernirnir, en eftir að það er orðið rotið, þá koma gammarnir. Örninn vill ekki sjá það. Skilurðu? Jesús sagði: “Þar munu ernirnir safnast, sem hræið er.” Þar sem mannað er ferskt, þar munu ernirnir safnast saman. Það er manna þess tíma. Skilurðu?

166. Takið eftir. En þegar það er orðið rotið, koma maðkar í það, þá kemur hrægammurinn. Þeir finna ekki ýldulyktina. Það er engin furða að Jesús sagði: “Jerúsalem, þú sem líflætur alla spámennina.” Takið eftir persónufornafninu. “Jerúsalem, Jerúsalem, hve oft vildi ég (hver var Hann?) ekki safna þér eins og hæna safnar ungum undir vængi sér, ykkur sem hafið grýtt, sérhvern spámann, sem ég sendi ykkur...”

167. Hin mikla kirkja, Jerúsalem, Jerúsalem, sem ekki er á jörðu, en við erum frá þeirri Jerúsalem, sem Orðið kemur frá, sem ekki er með höndum gerð. Hin Nýja Jerúsalem getur ekki farist, ekki Jerúsalem sem er byggð af mönnum heldur Guði. (Skilurðu?) Orðið þarna uppi, sem er nú að opinberast. “Í húsi föður míns eru margar vistarverur. Ég mun fara og búa ykkur stað.” Skaparinn, sem gerir gullilögð stræti og svo framvegis. Það er sú, sem ekki mun farast.

168. “Jerúsalem, Jerúsalem, hve oft vildi ég ekki, (alveg frá upphafi tímanna, ekki þriðja persóna, ekki einhver annar, en...) safna ykkur saman eins og hæna safnar ungum undir vængi sér, en þið vilduð það ekki.” En nú er stund ykkar komin. Sjáið þið til. Þar munu ernirnir safnast sem hræið er. En eftir að hræið er orðið rotið, koma hrææturnar saman. Skilurðu?

169. Takið eftir að Móse, hann gaf aldrei börnum Guðs... Móse var örn. Hann gaf ekki börnum Guðs leifar Nóa. Hann hafði hið ferska Orð Guðs. “Drottinn Guð mætti mér í eyðimörkinni og sannaði Orð sitt og sendi mig hingað til að kalla ykkur út.” Síðan komu eftirhermur, sem hermdu eftir. Skilurðu? En hann hafði Orð síns tíma, af því að Guð sagði við Abraham, þann sem fékk fyrirheitið: “Sæði þitt mun reika um í ókunnu landi í 400 ár, en ég mun vitja þeirra og leiða þá út með máttugum armlegg.”

170. Móse sagði: “Nú mun Drottinn Guð tala til mín og sýna mér og hann hefur sagt mér hvað ég á að gera og ég mun segja ykkur það.” Hann sagði: “ÉG ER sendi mig.” ÉG ER. Ekki ég var eða mun vera. ÉG ER í nútíð. Ekki Orðið sem var, ekki Orðið sem mun koma, heldur Orðið, sem er núna. Skilurðu? Nærðu þessu? ÉG ER er Orðið. “Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði.” Er það ekki rétt? ÉG ER. Guð sendi mig sem spámann til að staðfesta að þetta væri sannleikur. ÉG ER svarið við við Orði Hans. Sagði mér að koma hingað og gera þetta. Og þegar hann gerði það, sagði Faraó: “Við eigum fullt af strákum í okkar hópi, sem geta líka gert þetta.” Eftirhermur. Jesús sagði, takið eftir að þetta mun endurtaka sig á síðustu tímum. Þeir munu segja það

sama. En takið eftir hver kom fyrstur. Takið eftir því hver hélt sér við Orðið. Skilurðu? Það er málið. Þannig þekkist það.

171. Sjáðu til, þannig að Móse gaf þeim aldrei það sama og var á tímum Nóa. “Nú skulum við byggja örk, af því að það er Orðið. Þið vitið, Nói byggði örk á þeim tíma.” Nei, hrægammar voru að nærast á því.

Nei, nei, það var hið fyrirheitna Orð. Takið eftir. Hann hafði hið fyrirhugaða Orð Guðs á þessum tíma, sem sinn boðskap. Jesús bar heldur ekki á borð fyrir þá leifar Móse. Móse hafði Orðið fyrir sinn tíma, en Móse var spámaður. Hér er Guð sjálfur kominn. Skilurðu? Hann gaf þeim aldrei leifar frá tíma Móse. En sjáið bara hvernig hrægammarnir sveimuðu yfir því. “Við vitum að við höfum Móse, við þurfum ekki að hafa þig.”

172. Hann sagði: “Hefðuð þið þekkt Móse, mynduð þið þekkja mig, af því að um mig hefur hann ritað.” Ó, skiljið þið? Þar munu ernirnir safnast, sem hræið er. Hin ferska bráð Orðsins, sem hafði verið alið upp og verið opinberað og deilt út, sem mat fyrir börnin. Ekki gamla hræið, sem hafði legið þarna í mörg hundruð ár. Þar mun það vera. Sama á sér stað nú. Lúter kom með boðskap um iðrun, en þið Lútersku-hrægammar?... Baptistarnir komu með boðskap, en þið Baptista-hrægammar? Hvítasunnan hafði boðskap (nú erum við að komast á heimaslóðir), en þið Hvítasunnu-hrægammar? En: “Þar mun ernirnir safnast, sem hræið er.”

173. Mundu að þú hefðir ekki getað (þú gætir það núna) nært mótmælanda á kaþólikkaafgöngum. Ó, nei, hann hafði ferskt kjöt. Það var sú kirkjuöld. Þú gast ekki nært Meþódista á boðskap Lúters. Ó, nei, hann vildi ekki þær leifar, það var rotið. Sjáið, lífið var farið úr því og farið í eitthvað annað. Það er gamli stilkurinn, sem er dauður þarna aftur í öldum. Lífið heldur áfram. Þú getur ekki heldur nært brúði Krists á hvítasunnufræðum. Ó, nei, vissulega ekki. Maðkétnar hreyfingar, ekkert annað... Nei, því lofordið er: “Sjá, ég sendi yður Elía spámann, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur. Hann mun snúa hjörtum barnanna aftur til trúar feðranna.” Öll þessi fyrirheiti hafa verið gefin í Biblíunni. “Ég mun gera þetta. Og þar munu ernirnir safnast... Allt sem Faðirinn gefur mér mun koma til mín.” Skilurðu?

174. Jesús reyndi það aldrei. En þegar Jesús kom, fann hann skara af hrægömmum. “Við höfum Móse og lögmálið.” Skilurðu? Það var ágæt fæða þá, en þetta er það sem spáð var af Móse sjálfum, sem færði þeim þessa fórn og gaf til fæðu: “Drottinn Guð mun upp vekja þeim spámann, meðal bræðra þeirra. Sá sem ekki hlýðir á hann mun upprættur verða úr lýðnum.” Og svo varð. Sjáið hvernig það eru um það bil 600 uppfylltir spádómar um Jesú Krist. “Hendur mínar og fætur hafa þeir gegnumstungið.” Ég man ekki hve margir spádómar gengu í uppfyllingu á síðustu sjö eða átta klukkustundum lífs Hans. Allir spámennirnir sögðu fullkomlega rétt frá.

175. Ef ég myndi spá því í dag að eitthvað (alvanalegt) myndi eiga sér stað eftir eitt ár, þá eru um það bil 20 prósent líkur á að það rætist, hvort það sé rétt eða rangt. Og ef ég myndi spá því að eitthvað sérstakt eigi að gerast, en segði ekki hvenær, þá eru líkurnar ennþá minni. Ef ég spáði hvenær það ætti að gerast, þá eru mörkin minni. Ef ég spáði um staðinn sem það ætti að gerast á eru mörkin enn minni. Og ef ég segði um hvern þetta væri, þá eru möguleikarnir um hundrað þúsundustu, að það gerðist nokkurn tíma, ef það væri ekki satt. Og hvert einasta Orð (Hallelúja), sem spáð var um Messías, rættist nákvæmlega. Allt þar til Hann stoppaði dag einn í miðri setningu og

sagði: “Andi Drottins er yfir mér til að flytja fátækum gleðilegan boðskap og ... láta [þjáða] lausa...” Og Hann stoppaði í miðri setningu, af því að afgangurinn er um seinni komu hans. Amen. “Himinn og jörð munu líða undir lok, en Orð mín ekki.” Skilurðu?

176. Hann var Orðið, sem nærði þá á þeim tíma. Móse sagði þeim sannleikann, en sjáið til, þeir gera alltaf hreyfingu úr því fyrir gammana að... Það er eitthvað eftir af því, eftir að ernirnir eru búnir og farnir heim. Þá eru þeir að bíða eftir einhverju öðru. Orðinu. Þeir segja: “Það á að koma. Við fengum steiktan fisk í gær, en við eigum að fá lambakjöt á morgun. Hvar er það eiginlega?” Sjáið þið hvað ég á við. Englafæða. Fólkið, sem etur manna í dag, ef það reyndi að geyma það til næsta dags, þá rotnaði það. Sérðu ekki allar táknmyndirnar, hve fullkomið það er?

177. Sama gerist núna. Takið eftir að gammarnir á dögum Jesú voru líka að reka út djöfla. Smurðir, á gamla skrokknum. Er það ekki rétt? Þeir ráku út illa anda. Jesús sagði það. Og munið að það voru spámenn á þeim tíma. Kaífas ædsti prestur spáði. Hve margir vita það? Kaífas spáði. Takið eftir stöðu illgresisins á akrinum. Það er vökvað af sömu smurningu. Af hverju segir Biblían að hann hafi spáð? Af því að hann var ædsti prestur það ár, illgjörðamaður, illgresi og þistill, mitt á meðal hveitisins. En Andinn var yfir honum, hinn sanni Heilagi andi. Heilagur andi Guðs var yfir honum, til að prédika, spá og segja fyrir um atburði og hann afneitaði og krossfesti hið staðfesta Orð síns tíma. Ó, miskunn, bróðir. Hve miklu lengur þurfum við að segja þessa hluti? Hve lengi þurfum við að halda áfram að fara í Ritningarnar? Ég ætla að flýta mér. Ég er með tíu blöð af ritningastöðum, sem sanna þetta allt.

178. Sólin skín jafnt á réttláta, sem rangláta. Jesús sagði, til að sanna þetta: “Reki ég út djöfla með fingri Guðs... með hverju reka ykkar börn þá út?” Nú, þeir ráku út illa anda. Þeir spáðu. Er það ekki satt? En þeir þekktu Hann ekki, sem Orð tímans. Af hverju? Af því að Hann var ekki tengdur þeim. Tökum nú Matteus 24:24: Fram munu koma falskristar, smurðir. Og þeir verða falsspámenn, þeir spá (skilurðu?) og munu leiða afvega, jafnvel hina útvöldu, ef orðið gæti. Náið þið þessu núna?

179. Takið eftir börnunum. Af hverju gera börnin... ef ég rek út djöfla með Orði Guðs (og Hann var Orð Guðs), með hverju reka þá kirkjudeildarbörnin ykkar þá út? Og aðeins Guð getur rekið út djöfla, við vitum það. Aðeins Guð, af því að sterki maðurinn þarf að vera sterkari en sá í húsinu. Þeir höfðu vald til að gera þetta. Þið vitið að í Opinberunarbókinni stendur að andkristurinn, sem rís upp á síðustu tímum gerði tákn og undur, sem leiddu afvega þá sem á jörðinni búa. Plataði þá alla, kristna og alla, þá sem áttu ekki nafn sitt ritað í Lífsins bók lambsins fyrir grundvöllun heimsins. Þetta svarar til Matteusar 24:24. Þá, sem áttu ekki nöfn sín rituð í Lífsins bók lambsins fyrir grundvöllun heimsins. Lífið, sem var í rót appelsínutrésins og kom upp í gegnum sítrónugreinarnar og annað og bar ávöxt í toppi trésins, fyrir ofan kirkjudeildagreinarnar og laufblöðin. Eruð þið að ná þessu? Ég skal flýta mér.

180. Sterki maðurinn. Munið eftir Davíð. Hann var einlægur og reyndi að veita Guði þjónustu, en hafði ekki tilskipun um að gera það. Þeir, hinir smurðu. Jesús sagði: “Þeir kenna það sem eru mannasetningar, ekki Orð Guðs, ekki Hans staðfesta Orð. Kenna um sögulegan Krist (skilurðu), eitthvað sem hann var. Og Biblían segir: “Hann er.” Ekki ég var eða mun verða ÉG ER núna. Hann er Orðið sem lifir í gegnum það. Í

upphafi var hann í laufblöðunum, hann var í stilknum, hann var í fræbelgnum, en núna er hann í korninu.

181. Reynið nú að hverfa aftur og gefa líf... hvað ef lífið færi aftur niður á við? Það gerir það aldrei. Heldur þú að lífið gæti snúið við og lifað aftur í stilknum, eftir að hann er þornaður upp? Það gerir það aldrei. “Það er ómögulegt að vekja þá til afturhvarfs, sem eitt sinn voru upplýstir, en héldu ekki áfram með Orðinu, þegar það kom fram...” Þeir eru dauðir, farnir. eru þyrnar og þistlar, sem eru bölvaðir og fyrir liggur að brenna... er það ekki rétt? Nú, ég flýti mér eins og ég get.

182. Takið eftir Ritningunni núna. Kenna um sögulegan Guð (skiljið þið), eins og þeir væru að reyna að lifa í fortíðinni. “Nú, Wesley sagði þetta, þessi sagði hitt og þetta,” en afneita hinu fyrirheitna Orði dagsins, mannanu, sem er greinilega staðfest á þeim degi. Þeir reyna að setja sitt gamla Lúterska-, Baptista- og Hvítasunnuvín á okkar nýju belgi. Það gengur ekki upp. Og okkar nýja vín á þeirra gömlu belgjum, mun ekki ganga upp. Ef þeir reyna að setja þetta nýja vín inn í kirkjudeildirnar, þá opinberast heimska þeirra. Þeir geta ekki gert það. Það blæs hana upp. “Nú, bróðir, ég hef séð Orð Guðs fullkomlega fyrir Orðið...” “Sjáðu nú til doktor, ef... við getum ekki haft þetta.” Ned, ég held þið hafið haft eitthvað af þessu upp á síðkastið. “Við getum bara ekki haft þetta hérna. Það er kannski best að þú haldir þína leið...” Þið vitið. Sjáið til, það mun ekki ganga upp. Það springur. Þú setur ekki gamla bót á nýtt fat, af því að þá rifnar það. Skiljið þið? Er það ekki það, sem Jesús sagði? Þú getur ekki látið nýtt vín á gamla belgi, það sprengir þá. Það er líf í nýja víninu. Allt í lagi.

183. Takið nú eftir einu í viðbót, við förum að ljúka þessu. Takið eftir Opinberunarbókinni 16:13-14. Ef þið vilduð skrifa þetta hjá ykkur. Ég hef ekki tíma til að fara í það. Ég vil vera viss um að þið sjáið þetta. Takið eftir að þetta er hljómurinn milli sjöttu og sjöundu skálarinnar. Við ljúkum þessu eftir nokkrar mínútur, ef þið getið umborið mig ofurlítið lengur. Opinberunarbókin 16:13-14, milli sjöttu og sjöundu skálarinnar, þrír óhreinir andar, eins og froskar (hafið þið tekið eftir því?), komu út úr munn einhvers. Takið nú eftir, ef þið eruð tilbúin, segið: “Amen.” [Söfnuðurinn svarar: “Amen.”] Andaprenning.

184. Nú, kirkjudeildarbróðir minn, sittu nú kyrr eitt augnablik. Ekki standa upp og ganga út úr herberginu, þú þarna sem ert að hlusta í gegnum símann. Ekki slökkva á segulbandinu þínu. Sittu kyrr eitt augnablik og hlustaðu. Ef þú ert af Guði fæddur, þá muntu gera það.

185. Froskaþrenning... froskur er dýr, sem alltaf horfir aftur fyrir sig. Hann lítur aldrei í þá átt, sem hann er að fara, hann horfir í þá átt sem hann kom úr. Skilurðu? Sérð þú þetta ekki? Hvar fæddist þrenningarkenningin? Munið, þrír óhreinir andar, aðskildir andar... ert þú að ná þessu? Takið eftir, þeir horfa til baka til Níkeupingsins, þar sem þrenningarkenningin fæddist. Ekki í Biblíunni. Þar fyrirfinnst ekkert slíkt. Þeir horfa til baka til Níkeupingsins — í Róm, þar sem þrenningin fæddist. Takið eftir hvaðan þetta kemur. Takið eftir, froskaþrenningin kom út úr gamalli þrenningu, fæddi nýja þrenningu, móðir þess. Hvaðan kom það? Þrenning: Drekin (skilurðu), dýrið og falsspámaðurinn, ný þrenning fyrir... hvenær myndu þessir froskar koma út? Hvenær komu þeir út? Takið eftir. Þeir voru þarna allan tímann, en opinberuðust ekki fyrr en á milli sjötta og sjöunda lúðursins, rétt áður en innsiglin opnuðust til að opinbera það. Af því að í boðskap sjöunda engilsins munu fram koma leyndardómar Guðs. Allir

Þessir þrenningarhlutir og rangar skírnir og allt saman átti að opinberast. Guð hjálpi okkur að sjá hvað er sannleikurinn.

186. Og ekki halda að það sé einhver að reyna að segja eitthvað við... ég finn að Andanum líkar það ekki. Skilurðu? Ég er ekki að tala um sjálfan mig, bróðir. Ég er að tala um engil Drottins, sem er hér nærstaddur. Það er alveg rétt. Aha. Takið eftir. Þrenningin, drekinn... hve margir vita hver drekinn var? Það var Róm. Og drekinn stóð hjá konunni til að gleypa barn hennar um leið og það fæddist. Er það ekki rétt? Hvað þýðir dýr í Biblíunni? “Vald” Allt í lagi.

187. Falsspámaður, falsspámaður, falskur smurður... skilurðu? Hvar átti hann upptök sín? Þessi falsspámaður, eintala, falsspámaður, fyrsti páfinn. Og þaðan risu upp, hórán og móðir skækjunnar, allt saman. Fölsk þrenning var að koma fram. Ekki á fyrstu dögnum, myndi ekki opinberast þá, fóru bara með því. En þegar innsiglin sjö væru komin og þessir leyndardómar hefðu opnast og opinberast, það er þá sem froskarnir, óhreinir andar eins og froskar komu út og opinberuðust. Þrenningarkenning gegn sannleikanum. Sjáið þið hvaðan þetta kom? Sjáið þið hvert það stefnir? Alkirkjuráðið. Þeir eru allir bræður hvort sem er. Sami andi, allt það sama. Og fylgist nú með. Svo blekkjandi, framkalla kraftaverk. Og þetta eru djöflarnir, sem fara út til allra guða á jörðinni, gera kraftaverk til að blekkja þá á síðustu tímum og mun takast að gera það. Hvað sagði Guð um... Illi andinn sagði: “Ég skal fara og vera lygaandi í munni þessara spámanna og fá þá til að spá lygi, til að fá Akab til að fara niðureftir og verða eytt.”

188. Guð sagði: “Farðu, þér mun takast það. Þú munt fá þá til að trúá þessu. Þeir eru ekki í Orðinu til að byrja með. (Skilurðu?) Farðu, því að þú munt sannfæra hann. Það verður þú, sem gerir það, þegar þú ferð í þessa falsspámenn, af því að hann reiðir sig á þá. Og hann veit ekkert um Orðið, né mun hann reyna að læra um það. Hann getur það ekki, af því að hann er þyrnir til að byrja með.” Skilurðu, skilurðu? “Þér mun takast það.”

189. Sjáið hérna, þessa fölsku froska, líta aftur fyrir sig. “Veistu hvað þeir sögðu þarna í Níkeu?” Mér er alveg sama hvað þeir sögðu í Níkeu. Ég er að segja hvað þeir sögðu við háseti Guðs, hvað myndi verða. Ekki hvað var, heldur hvað myndi verða, af því að Hann er ÉG ER. Skilurðu? Falskir. Líttu á þetta. Taktu eftir hvaðan þeir koma.

190. Hlýðið nú vel á. Við sjáum greinilega að eftir að innsiglin hafa verið opnuð, þá mun það opinbera leyndardóminn. Hvað er þrenning? Skilurðu? Hvar var það kallað þrenning? Hvar talar Biblían nokkru sinni um orðið þrenningu? Hvar gætu verið þrír guðir, að við tilbiðjum þrjá guði og séum ekki heiðingjar? Hvernig er hægt að aðskilja þá, þegar Hann sagði: “Ég og faðir minn erum eitt. Ef þér trúðið ekki að ég er sá sem ÉG ER, þá munið þið farast í syndum ykkar” (skilurðu), vantrú ykkar. Synd er vantrú. Þið munið farast í synd ykkar.

191. **Ó, hver segið þið að ég sé?
Hvaðan segið þið mig koma?
Ó, þekkir þú Föður minn,
eða getur þú nefnt Hans nafn?
Ég er Narsissa á Saronvöllum,
hin skínandi morgunstjarna.** (Getur þú sagt mér hver hann er)

**ÉG ER sá, sem talaði við Móse,
í brennandi runna.
Ég er Guð Abrahams,
hin skínandi morgunstjarna.
Ég er Narsissa á Saronvöllum.
Ó, hvaðan segir þú mig koma?
Þekkir þú Föður minn, eða getur þú
nefnt Hans nafn? (Amen.)
Ég er Alfa, Omega, upphafið og
endirinn.
Ég er öll sköpunin
og Jesús er Hans nafn.**

192. Það er rétt. Engin þrenning... sannarlega ekki, það er falskt. innsiglin sjö, sem opna þá leyndardóma, sem eiga að koma fram. Þeir koma fram. Innsiglin opnuð, gera augljósan hinn hulda sannleika, sem innsiglin höfðu hulið öll þessi ár, gegnum allar þessar kirkjur og hreyfingar. Hóran mikla í sjöunda kaflanum í Opinberunarbókinni, hver var hún? En hún var líka móðir, skækja. Skilurðu?

193. Nú, “þú kallar þá hrægamma. Þú segir það, bróðir Branham.” Það er alveg rétt. En munið að hrægammur er fugl. Hann er líka smurður til að fljúga. Andarnir tveir, svo líkir, að það myndi leiða afvega jafnvel hina útvöldu. Hrægammur er jafnstór og örn. Hann getur flogið eins og örn og hann er smurður til að fljúga, eða prédika og spá (takið eftir því), alveg eins og ernirnir, en hann getur ekki flogið eins hátt og örninn, né fylgt honum eftir upp í hæðir. Nei, nei, ef hann reynir að fylgja honum eftir, þá mun heimskja hans opinberast. Vissulega. Hann getur ekki fylgt erninum eftir. Þú segir: “Ég trúir að Jesús Kristur sé sonur Guðs. Ég trúir á Guð Föður almáttugan, skapara himins og jarðar, Jesú Krist, hans einkason og svo framvegis.” Ó, þeir gera það vissulega. En hvað með að Hann sé sá sami, í gær og í dag og alla daga? Skilurðu?

194. Örninn er fugl, sem er sérstaklega byggður. Hvað þýðir að hoppa mjög hátt, en sjá ekki hvert þú ert kominn, þegar þú ert þarna uppi? Og ef hann reyndi, bara einu sinni, að herma eftir erninum uppi í háloftunum, þá yrði hann svo blindaður, að hann sæi ekki einu sinni hvert hann hefur unnið sig upp í að komast. Það er rétt. Hann kallar og hrópar og er með læti, en talaðu bara Orðið til hans, þar sannast heimskja hans. Talaðu við hann um skírni í Jesú nafni, eða að Hann sé hinn sami í gær og í dag og um aldir... og allt það. Ó, bíðið nú aðeins, nú detta af honum flugfjadrirnar. Skilurðu, hann hoppaði og spáði, henti út illum öndum, talaði í tungum og hrópaði og var með læti og hljóp fram og aftur um gólfið. En reyndu ekki að fylgja eftir upp í loftin blá, drengur, þar mun heimskja þín opinberast. Samt er hann fyrirhugaður. Hann er smurður. Hann getur flogið. Hann getur haldið jafnvægi og komist upp, en aðeins upp í vissa hæð. Hann getur etið hræ, en hann getur ekki etið hið ferska kjöt, sem kemur frá hásetinu. Skilurðu? Hann er blindur. Hann er upprifinn, en veit ekki yfir hverju hann er æstur. Sjáið þið til, sami Andi kom yfir hann og regnið, til að gera hann að hveiti, en hann er ekki hveiti, til að byrja með. Hann blæs upp. “Ó, ég get ekki farið þangað, ó, nei, ég þekki doktor Jones.” Nú, farðu þá bara. Farðu bara, ef þú endilega vilt.

195. Takið eftir, hann er ekki fæddur, eða gerður, eða fyrirhugaður, til að vera þannig fugl. Hann er ef til vill sítróna, sem vex á appelsínutré, en hann kom aldrei frá

rótunum. Hann er eitthvað, sem hefur verið grætt á. Og þegar þeir komast það hátt í kirkjudeildunum, að þeir sjá Orð Guðs staðfest, þá kemur heimska þeirra í ljós. “Ó, allt þetta dót, geislabaugur yfir höfðinu og það allt saman. Það er bara vitleysa.” Skilurðu. Svo sannarlega. Heimskan kemur í ljós.

196. Hann er ekki gerður til að sjá svo langt. Hann sér aðeins jafn langt og kirkjudeildargleraugun leyfa, en eftir það er hann jafn blindur og leðurblaka. Það er þá, sem heimska hans kemur í ljós. Skilurðu? Það er þá, sem hinn ekta örn sest niður til að eta. Vissulega. Það er þar, sem hinir sönnu ernir sjá hver hann er. Þegar hann getur ekki tekið við Orðinu, þá vita þeir um leið að hann er kirkjudeildarhræggammur. Skilurðu. Af hverju? Af hverju getur hann ekki flogið? Vegna þess, sem hann hefur verið að nærast á. Hann hefur verið að éta rotnar kirkjudeildaleifar, sem munu ekki gera líkama hans andlegan. Munu ekki gera hann andlega hraustan. Með öðrum orðum, bera hann yfir kirkjueildarmuninn. Skilurðu. Sjáðu, hann hefur bara nærst á rotnum leyfum og líkami hans er gerður úr þeim. Hann getur ekki farið upp, þangað sem ferska kjötið ber örninn. Hann getur það bara ekki. Skilurðu?

197. Það uppfyllir Matteus 24:24. Hann flýgur, hoppar í loft upp, blakar vængjunum, en hann kemst bara ekki nógu hátt. Hann getur étið gamla mannað niðri á jörðinni, gömlu hérana, sem ekið var á fyrir viku eða mánuði eða fjörutíu árum. Myglað. Hann getur étið það og hlakkað yfir því og gargað og hrópað og látið öllum látum og hoppað og flogið eins og hver annar örn. Hann er smurður eins og aðrir fuglar. Og hann er viss tegund af erni. Gammurinn er það. Við vitum það. Hann er það vissulega. En hann getur ekki fylgt sönnum erni eftir. Skilurðu? Hann getur það einfaldlega ekki. Nei, aldeilis ekki. Líkami hans er ekki til þess gerður. Hann hefur étið leifar. Og það verður ekki ferskt kjöt, hið ferska manna. Það verður eitthvað sem Lúter sagði, eða Wesley, eða einhver fræðingurinn. Það verður ekki það sem Jesús sagði fyrir þann tíma.

198. Nú skulum við ljúka þessu, fara heim. Smurðir, kristar á síðustu tímum, en falskennarar og falsspámenn. Takið eftir hve það er sláandi. Nú, ég vil að þú berir þetta saman. (Við höfum ekki tíma til að lesa það.) Berðu Matteus 24:24 saman við 2. Tímóteusarbréf 3:8. Mattues 24:24 sagði að koma myndu falskristar, falssmurðir, falsspámenn, og gera tákn og undur, alveg eins og hinn ekta og sem myndu næstum því leiða hina útvöldu afvega.

199. Takið eftir. Það var Jesús, sem sagði þetta. Hér kemur Páll, rétt á eftir honum og sagði: “Á síðustu tímum mun koma trúrækið fólk.” Skilurðu? “Hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar og tæla til sín kvensniftir, sem leiðast af alls konar girndum.” (Síðan velta þeir fyrir sér, “hvað ertu alltaf að ráðast á konurnar.” Hamingjan sanna, þeir sjá þetta ekki einu sinni. “Tæla til sín kvensniftir, sem leiðast af alls konar löstum.”) Tæla burt frá hlutum, sem eru af... skilurðu. Eins og þeir Jannes og Jambres stóðu gegn Móse. (Matteus 24:24, falskristar, falsspámenn, gera tákn og undur, til að leiða afvega hina útvöldu.) Eins og þeir Jannes og Jambres stóðu gegn Móse, eins munu þessir menn, sem eru óhæfir í trúnni... Óhæfir í trúnni, ekki trú, heldur trúnni. Ein trú, einn Drottinn, ein... Þú getur ekki haft eina trú, án þess að trúa á einn Drottin. Þú getur ekki haft tvær skírnrir. Ekki í nafni föður og sonar og heilags anda. Það er ein skírn, Jesús Kristur. Skilurðu. Falskar skírnrir...

200. Takið eftir. Berið þetta nú saman, þegar þið komið heim til ykkar. Takið eftir, Matteus 24:24, Jesús sem talar, Páll í 2. Tímóteusarbréfi 3:8 og mörg önnur vers.

201. Berið það saman og skoðið síðan aðrar ritningagreinar, Lúkas 17:30, Malakí 4. kafli. Eins og Jannes og Jambres stóðu gegn Móse, eins munu þessir menn, ekki maður, menn, smurðir menn, standa gegn sannleikanum. Þann dag er mannsönurinn opinberast. Opinberunarbókin 10:7, lestu það þegar þú kemur heim... Skilaboð sjöunda engilsins sem opnar innsiglin... hvað er það? Engillinn er ekki Mannsönurinn, en engillinn opinberar Mannsönurinn. Getið þið nú aðskilið þetta? Það er hér, sem ykkur veitist þetta svo erfitt. Skilurðu? Ekki Mannsönurinn sjálfur, en sjöundi engillinn, sjöundi sendiboðinn er að opinbera lýðnum Mannsönurinn, af því að það hefur yfirgefið fræbelginn. Hann getur ekki skipulagt það. Það er aftur orðið að korni. “Og Jannes og Jambres munu standa gegn...” smurðir, þykjustutruaðir og vantruðir og hin formlega kirkja og Hvítasunnmenn, standa gegn hinu sanna korni. En látið þá eiga sig. Heimsku þeirra mun verða kunn, eins og hinna varð. Skilurðu núna?

202. Opinberunarbókin 10. kafli segir: “En þegar kemur að rödd sjöunda engilsins og hann fer að básúna...” Munið, sjöunda, Laódfikeukirkjuöldin, básúna engilsins, þegar sú öld er búin að verða að kirkjudeildum og orðin kirkjuöld. Þegar hún er búin að vera í sinni Hvítasunnhreyfingu. Þegar sendiboðinn til þeirrar... Hvað var hver sendiboði? Hvað var Marteinn Lúter? Hann skammaði kaþólikka. Hvað var Wesley? Hann skammaði Lúterstrúarmenn. Hvað var Hvítasunna? Hún skammaði hina. Hvert er lífið farið núna? Burt frá hreyfingum. Það er ekki lengur fræbelgur. Það er korn. Hvað er það? Það skammar Hvítasunnuna til að uppfylla Ritningu þessa tíma. Skilurðu?

203. Takið eftir að þann dag sem þessi sendiboði, ekki þegar hann byrjar, en þegar hann tekur að lýsa yfir skilaboðum sínum. Skilurðu. Fyrsta togið, lækning, annað togið, spádómar, þriðja togið, opnun Orðsins, leyndardómarnir opinberaðir. Ekkert meira. Það er ekki til hærra leið til að opinbera Orðið en spámenn. En eina leiðin til að spámaður geti verið staðfestur, er í gegnum Orðið. Og munið að þriðja togið var opnun innsiglaanna til að opinbera hinn hulda sannleika, sem innsiglaður er í Orðinu. Sérð þú þetta? Það er á þeim dögum, er þetta er að eiga sér stað, að Jannes og Jambres, eftirhermurnar, birtast á ný. Alveg eins og þeir gerðu þegar Móse kom með hið upprunalega Orð, til að tala það út, þá virðast þeir herma eftir því. Það er einmitt alveg rétt. Sérð þú núna hvað Matteus 24:24 er? Skilurðu? Smurðir.

204. Það er þrennt, sem við verðum að segja, áður en við hættum. Það er þetta. Ég vil að þið hlustið nú vel, er við ljúkum þessu. Þrennt. Munið að þrennt er gengið í uppfyllingu. Þrennt liggur fyrir framan ykkur á þessari stundu. Hið fyrsta: Heimurinn er í ástandi Sódómu. Jesús sagði að það myndi verða. Takið eftir afbökuninni. Konurnar okkar reyna að vera eins og karlmenn, karlmennirnir reyna að vera eins og konur. Kvenlegir, rotnir, óhreinir, haldnir af djöflinum og vita það ekki. Biblían sagði að þetta myndi gerast og þar erum við stödd. Í öðru lagi: Það er á þessum tíma, sem Jannes og Jambres koma fram, samkvæmt Ritningunni.

Í þriðja lagi: Það er á þessum tíma sem Mannsönurinn á að opinberast.

205. Hér eru þeir lifandi komnir, hinn trúaði, sá þykjustutrúaði og hinn vantrúaði. Það er ekta Orð, sem skarar fram úr, staðfest. Það er hinn þykjustutrúaði sem hermir eftir því og það er hinn vantrúaði, sem hafnar því öllu saman.

206. **En það mun verða bjart um kveldtímann.**

Veginn til dýrðarinnar, þú finnur brátt. (Það er rétt.)

Þjóðirnar rofna, Ísrael vaknar.

Táknin sem Biblían greinir frá.

Dagar heiðingja liðnir

Og allt er svo slæmt.

Snúið aftur heim dreifða þjóð.

**Dagur endurlausnar nálgast
menn gefa upp andann af ótta.**

**Látið fyllast af Guðs anda,
hreinsið og fyllið lampa ykkar.** (Til að þið getið séð Orð dagsins.)

Lítið upp, því lausnin er í nánd.

Falsspámenn ljúga (Það stóð að þeir myndu koma.)

afneita sannleika Guðs,

að Jesús Kristus Drottinn er. (Þeir trú á því ekki, Biblían sagði að það myndi gerast. Hér er það komið.)

En við göngum þann veg sem postularnir gengu. (Sama ljós og það mun snúa hjörtum feðra til barna.)

Dagur lausnarinnar nálgast, (Ó, hann er svo nærri.)

menn gefa upp andann af ótta. (Jörðin er að farast.)

Ó, látið fyllast af Guðs anda

og hreinsið ykkar lampa.

Lítið upp, því dagur lausnarinnar nálgast.

207. Trúið þið þessu? Þá skulum við lúta höfði.

Út um landið, þar sem þessi boðskapur fer frá austri til vesturs, frá Kaliforníu til New York, til suðurs og til norðurs, til trúboðanna og hvert sem það fer. Og í þessari tjaldbúð. Við erum fátæk. Við höfum ekki stóra hluti og sjónvarpsstarfsfólk. Við gerum bara eins vel og við getum. “En allt sem faðirinn gefur mér, mun koma til mín.”

208. Ég vil að þú vitir að þetta er alveg áreiðanlegt. Og ef þú ert að hlusta á þessa upptöku, þá hefur þú ef til vill hugsað í dag, að ég sé að reyna að segja það um sjálfan mig, að ég sé að færa þessi skilaboð. Ég hef ekkert með það að gera, ekkert nema að vera rödd. Og rödd mín, jafnvel gegn minni eigin dómgreind... ég vildi verða veiðimaður. En það er vilji Föður míns, sem ég lýsi yfir að ég muni gera og sé ákveðinn að gera. Ég var ekki sá sem birtist niðri við vatnið. Ég stóð þar bara þegar Hann birtist. Það er ekki ég, sem segi fyrir um þessa hluti, sem gerast eins fullkomlega og raun ber vitni. Ég er aðeins sá, sem er nærri, þegar Hann gerir það. Ég var bara rödd sem Hann notaði til að segja það. Það var ekki það sem ég vissi, ég var aðeins undirgefinn því, að Hann talaði í gegnum mig. Það var ekki ég. Það var ekki sjöundi engillinn, það var opinberun Mannssonarins. Það var ekki engillinn, það eru skilaboð hans, leyndardómur Guðs, sem er afhjúpaður. Það er ekki maður, það er Guð. Engillinn var ekki Mannssonurinn, hann var sendiboði frá Mannssyninum. Mannssonurinn er Kristus. Hann er sá, sem þú nærast á. Þú ert ekki að nærast á manni. Orð manns munu bregðast, en þú ert að nærast á hinum óbrigðula líkama, Orði

Mannssonarins. Ef þú hefur ekki nærst til fulls á hverju Orði, til að gefa þér styrk til að fljúga ofar öllum þessum kirkjudeildum og hlutum heimsins, vilt þú þá ekki gera það núna, meðan við biðjum?

209. Elsku faðir. Þetta er hörð ræða. Það er ekki fyrir neinn dauðlegan mann að flytja hana. Þú veist allt. Og ég bið þess góði Guð, að það verði ekki misskilið, heldur að fólkið megi ganga í ljósi þíns Orðs. Og Guð faðir, ég veit ekki hverjir eru útvildir, þú veist það. Ég veit ekki hvenær þú kemur. Ég veit bara að þú sagðir að þegar þetta gerist, munu þessir smurðu... ekki þegar þeir byrjuðu. Móse lét þá eiga sig, af því að hann gat ekki gert neitt við því. Hann gat aðeins sagt það, sem þú sagðir. Þú sagðir honum að kalla á flugur, síðan kölluðu þeir á flugur. Þú sagðir honum að breyta vatninu í blóð, síðan gerðu þeir það. Móse kom aðeins fram með Orðið, eins og þú sagðir honum. En síðan varst þú sá, sem lét heimsku þeirra koma í ljós.

210. Faðir, þú ert ennþá Guð. Sama Orðið sagði að þetta myndi gerast á síðustu tímum. Margir heiðvirdir menn (eins og við sögðum síðasta sunnudag), hafa lagt höndina á Örkina, á nýjum vagni (ekki á öxlum levítanna), og hafa dáið í syndum sínum, rökræða gegn sinni eigin samvisku. Margir guðsþjónar, sitja í lesstofunni sinni og flýta sér að fletta framhjá þessu, til að þurfa ekki að takast á loft. Þeir vita að þeir myndu glata félagslegri stöðu sinni meðal almennings, meðal kirkjunnar og kirkjudeildar sinnar. Guð hjálpi okkur að gera það aldrei.

211. Hreinsa hjarta okkar Guð, af öllum saurugleika heimsins. Ég stend reiðubúinn með þessari kirkju og öllum sem hlýða á þessa upptöku. Ég bið um hreinsun, Drottinn, farðu með mig til húss leirkerasmiðsins, brjóttu mig niður. Mótaðu mig til að verða sá þjónn, sem þú vilt að ég sé fyrir Drottin Jesú. Ég er maður með óhreinar varir, eins og Jesaja hrópaði og dvel á meðal fólks með óhreinar varir. Vei mér, því að ég sé opinberun Guðs birtast, eins og Jesaja sá englana í musterinu. Ég sé síðustu tíma, Drottinn og vei mér og fjölskyldu minni. Vei mér og lýð mínum. Ó, eilífi Guð, miskunna þú okkur. Ég grátbið fyrir mér og lýð mínum. Lát okkur ekki farast ásamt þeim sem ekki trúa, en mættum við lifa meðal þeirra sem eru trúaðir.

212. Sérhver kirkjudeild, Drottinn, sérhver maður og kona... ég get ekki beðið þig að blessa kirkjudeild, þegar ég veit að þú ert á móti því. En ég get aðeins sagt: "Drottinn, ef þú átt sauði á meðal þeirra, mættu þeir þá hlusta á þessa upptöku. Mættu þeir hlýða á hana, Drottinn og skilja hana með skilningi, sem þú munt gefa þeim og mættu þeir ganga út og taka við þér. Mættu þeir ekki láta blekkjast af blindu og hefðum þessa dags. Mættu þeir ekki reyna að eta af einhverju sem er... var hræ frá öðrum tíma. Mættu þeir taka Orðið." Það er þannig, sem farísearnir krossfestu þig, Drottinn. Þeir tóku hræið frá tíma Móse og reyndu að hlakka yfir því, meðan þú varst búinn að gefa fordæmið í eyðimörkinni, um hið ferska manna á hverju kvöldi, sem þýðir hver kynslóð. Það er þar sem þeir brugðust. Það eitraði fyrir þeim. Það drap þá að borða mygladán mat. Og andlega gerir það hið sama í dag, drepur þá andlega með kirkjudeild. Hjálpa okkur, kæri Guð. Það er nú allt í þínum höndum. Í nafni Jesú Krists.

213. Með höfuð okkar hneigð, ætlum við að syngja, meðan þú tekur ákvörðun. Ætlar þú að fara alla leið?

214. **Ég heyri Frelsarann kalla:** (Og Hann er Orðið.)

Ég heyri: (Ég hef reikað um lengi, en nú heyri ég í Honum. “Komið til mín, allir þér sem reikið um.”)

Ég heyri: (Takið upp kross ykkar og fylgið mér daglega. Já, þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt, því þú ert hjá mér. Ég mun hvílast við vötnin og á grænum grundum.)

Og þangað sem Hann leiðir mig: (Drottinn, ég sé þrenningarvitleysuna, ég sé að henni er sáð um allan heiminn, illgresi út um allt, en þangað sem þú leiðir mig.

Drottinn, ég ætla að vera eins og þeir í Postulasögunni 19. kafla, sem létu skírast í nafni Jesús Krists, þegar þeir heyrðu þetta.)

Þangað mun ég fylgja Honum: (Ég hef gengið hluta vegarins, Drottinn, nóg til að taka við þér.) [Bróðir Branham fer að raula.]

Ég mun fylgja Honum alla leið.

215. Kæri Guð, ég treysti því að þetta komi frá hjarta mínu. Ég treysti því, að það komi frá hjarta eins og sérhvers, sem er að syngja þetta í fyrsta skipti. Ef til vill margir, sem munu hlusta á þessa spólu, en eru ekki hér núna eða hlusta á þetta núna. Mættum við vera viljug, Drottinn, sama hvað það kostar... sagði að maður sem ætlar að fara gegn her setjist fyrst niður og reikni út hvort hann geti það, geti gefið hluti þessa heims upp á bátinn... Getur þú gefið upp á bátinn, gengið í her Guðs ritaða Orðs, marserað með hermönnum Hans, flogið með örnum Hans? Gefðu það Drottinn, í Jesú nafni. Trúir þú? Tekur þú við Honum? Allt í lagi. Við verðum hér í kvöld, ef Guð lofar. Trúir þú að þetta sé sannleikur? Er þetta nógu skýrt? Þá...

216. **Taktu nafnið Jesús með þér,**

Þú sorgarinnar barn.

Það mun þér gleði og huggun veita,

takið það með hvert sem er. (Takist nú í hendur.)

Fagra nafn, ó, svo blítt!

Von jarðar og himinsins gleði.

Beygið ykkur fyrir nafni Jesú,

fallið að fótunum Hans.

Konung konunga munum við krýna, (Þá er Hann Guð.)

þegar ferðin á enda er.

Fagra nafn, Ó, svo blítt!

Von jarðar og himinsins gleði.

Fagra nafn, ó, svo blítt!

Von jarðar og himinsins gleði.

217. Ég býst við að allir prédikarar, sem hér eru staddir í dag, hafi gert sér grein fyrir... Þegar einhver hefur verið að biðja alla vikuna og velt því fyrir sér hvað... að sjá öll þessi ritningavers beint fyrir framan augun á sér... “Vei mér,” sagði Páll, “ef ég prédika ekki fagnaðarerindið.” Og við enda vegarins sagði hann: “Ég hef ekki veigrað mér við að boða ykkur öllum allt Guðs ráð, eins og mér var fengið það í hendur.”

218. Ég gleymi stundum að sinna hlutum, gleymi jafnvel að helga börnin. Billy sagði að það hefði komið maður um daginn, sem sagði: “Ég hef reynt í tvö ár að fá barnið mitt gefið Guði.” Billy sagði: “Ekki hugsa um það. Ég á árs gamalt barn, sem ekki er búið að gefa Guði. Ég býst við að ég bíði bara, þar til hann er nógu stór til að ganga fram sjálfur.” Svo að við finnum það, bróðir systir, það er ekki... Eitt er að við ættum

að gefa börn okkar Guði. Við ættum að skíra alla. Það er laug, hér er vatn. Komið núna, ekki bíða þar til í kvöld, komið núna. Það standa hér menn, sem munu skíra alla sem hafa iðrast og játað syndirnar. Ef þú hefur verið skírður mörgum sinnum, munu þeir skíra þig í nafni Jesú Krists, til fyrirgefningar synda... Skilurðu? En, sjáið til, boðskapurinn liggur mér á hjarta.

219. Ég verð að koma honum út. Það er minn eini tilgangur, sama hvað konan mín segir, sama hvað börnin mín segja, sama hvað forstöðumaðurinn minn segir. Það er Drottinn minn, ég verð að koma þessu út. Það er minn eini tilgangur.

220. Og oft gleymi ég að kynna forstöðumennina. Ég býst við að bróðir okkar, Neville, dýrmætur maður og allir aðrir bræður hér... Við erum glöð að hafa ykkur. Ekki að við séum ósammála ykkur bræður, til að vera öðruvísi. Ef til vill eru sumir ykkar prédikarar, sem prédikið þrenningarkenninguna. Við viljum ekki vera reiðir við ykkur. Við elskum ykkur. Og ef ég elskaði ykkur ekki, myndi ég fara niður á hnén og ekki fara héðan og biðja: “Guð, gerðu mig réttan. Ég vil ekki að þessi hrokafulli, sjálfelskuandi blandist mínum anda. Ég vil að andi minn sé hreinn og tær, bróðurkærleikur, heilagur, af Heilögum Anda.” Ef einhver gerir mér eitthvað rangt, þá er það allt í lagi mín vegna. Ef til vill ætti ég rétt á að hefna mín á þeim, en ég mun ekki gera það, aldrei í lífinu. Nei, ég vil eiga kærleika. Ég vil vera réttur í kærleika, kærleika sem svarar til þess sem er hinu megin.

221. Ég ætla mér ekki að vera öðruvísi, Meþódistar, Baptistar, Kapólskir, Öldungakirkjumenn, hverjir sem þið eruð. Ég segi ekki þessa hluti til að vera öðruvísi eða til að vera hrokafullur gagnvart ykkur. Ef ég gerði það, væri ég hræsnari og ætti að vera á hjánum frammi fyrir Guði. En ég segi þetta í kærleika, af því að ég sé hvert þið stefnið. Nú, ég segi þessa hluti ekki af sjálfum mér eða af því að ég geri ráð fyrir þessu. Ég gef ykkur: ‘SVO SEGIR DROTTINN,’ það er sannleikur. Og ég elska ykkur fyrir því. Guð blessi ykkur.

222. Nú, er við syngjum annað erindið í þessum söng... áður en við förum. Við viljum gjarnan að þið komið aftur hingað í kvöld ef þið getið. Ef þið getið það ekki, þá megi Guð vera með ykkur, þar til við hittumst næst. Við biðjum Guð að blessa ykkur og gefa ykkur það besta af landi sínu. Skiljið þið?

Taktu nafnið Jesús með þér.

Þessi ræða var flutt í kirkjunni Branhamtjaldbúðin í Jeffersonville í Indíanafylki, sunnudagsmorguninn 25. júlí 1965.

